

Ársrit Samkeppniseftirlitsins 2010

# Samkeppni flýtir efnahagsbata



## Ársrit Samkeppniseftirlitsins 2010




**SAMKEPPNISEFTIRLITID**

Borgartúni 26, 125 Reykjavík, www.samkeppni.is

# Efnisyfirlit

Virk samkeppni hraðar endurreisn og nýsköpun .....	4
Ávarp formanns stjórnar	
Með samkeppni að vopni .....	5
Inngangur forstjóra	
Samkeppni flýtir efnahagsbata .....	6
Endurskipulagning fyrirtækja skiptir sköpum .....	8
Stjórnvöld eiga að styðja við samkeppni .....	10
Nýsköpun er forsenda aukinnar velferðar .....	12
Sýna þarf fyrirtækjum og opinberum aðilum meira aðhald .....	14
Samkeppnislögum fylgt eftir af festu .....	16
Aukin verkefni hafa áhrif á málshraða .....	18
Lækkun fjárveitinga kallar á skýra forgangsröðun .....	20
Yfirlit yfir starfsemi:	
Ákvarðanir 2009 .....	22
Ákvarðanir 2008 .....	30
Álit 2009 .....	38
Álit 2008 .....	39
Áfrýjunarnefnd 2009 .....	41
Áfrýjunarnefnd 2008 .....	43
Dómar í héraði 2009 og 2008 .....	46
Dómar í Hæstarétti 2009 og 2008 .....	47





Rögnvaldur J. Sæmundsson

Formaður stjórnar  
Samkeppniseftirlitsins.

# Virk samkeppni hraðar endurreisn og nýsköpun

## Ávarp formanns stjórnar

Á næstu árum munu íslenskir neytendur og atvinnulíf glíma við ýmiskonar erfiðleika í kjölfar hruns bankakerfisins. Líklega verður spurt hvort fámenn þjóð eins og Íslendingar hafi efni á að mörg fyrirtæki starfi á sama sviði og hvort ekki sé ástæða til að takmarka samkeppni til að ná fram nauðsynlegri hagræðingu.

Reynslan sýnir okkur að það eru ekki rétt viðbrögð. Tilraunir til að draga úr samkeppni í kjölfar efnahagshruns hafa tafið endurskipulagningu atvinnulífsins og frestað efnahagsbata. Með því að efla samkeppni má hins vegar hafa öflug áhrif. Endurskipulagningu er hraðað og hvatt er til nýsköpunar. Við það rís atvinnulífið fyrir upp úr öldudal kreppu, alþjóðleg samkeppnishæfni styrkist og hagur innlendra neytenda batnar. Mikilvægi virkrar samkeppni hefur því aukist frekar en hitt.

Við þessar aðstæður er mikilvægt að tryggja sjálfstætt og öflugt samkeppniseftirlit. Sjálfstætt eftirlit er kröftugur málsvári samkeppninnar sem veitir bæði atvinnulífi og stjórnvöldum aðhald í samkeppnismálum. Öflugt eftirlit hefur frumkvæði að aðgerðum og burði til að bregðast hratt við samkeppnishamlandi hegðun. Báðir þættir vinna saman að því að efla virka samkeppni.

Það er sterkur vilji innan Samkeppniseftirlitsins til að ná framúrskarandi árangri í samkeppnismálum og leggja þannig sitt lóð á vogarskálarnar við endurreisn íslensks atvinnulífs. Þó fyrir liggir að draga saman seglin hjá hinu opinbera er mikilvægt við núverandi aðstæður að styðja við bakið á eftirlitinu til þess að það geti sinnt hlutverki sínu á árangursríkan hátt. Oft var þörf en nú er nauðsyn.

„Sjálfstætt eftirlit er kröftugur málsvári samkeppninnar sem veitir bæði atvinnulífi og stjórnvöldum aðhald í samkeppnismálum.“

# Með samkeppni að vopni

## Inngangur forstjóra

Samkeppniseftirlitið hefur mikilvægu hlutverki að gegna við þær aðstæður sem nú eru í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar. Allt frá bankahruninu haustið 2008 hefur Samkeppniseftirlitið talað fyrir því hvernig nýta beri krafta samkeppninnar til þess að flýta efnahagsbatanum og byggja upp enn sterkara atvinnulíf en áður. Með þetta í huga hefur Samkeppniseftirlitið nýtt alla krafta sína til að láta verkin tala.

Í riti þessu er að finna yfirlit yfir áherslur og verkefni Samkeppniseftirlitsins í þessu efni. Fyrst er rífuð upp stefnumótun Samkeppniseftirlitsins frá síðasta hausti, þegar það birti skýrsluna *Öflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnulífs*. Þar var fjallað um fimmtán mikilvæga markaði og leiðir til að efla samkeppni á þeim. Þá er gefið yfirlit yfir sameiginlega stefnu norrænna samkeppniseftirlita, sem birt var í september síðastliðnum.

Því næst er fjallað um aðstæður fyrirtækja á samkeppnismörkuðum og fjárhagslega endurskipulagningu þeirra, en Samkeppniseftirlitið hefur nýlega birt umræðuskjal þar sem stefnumörkun þess er kynnt og leitað athugasemda við hana.

Þá er í ritinu beint sjónum að hlutverki hins opinbera við eflingu virkrar samkeppni. Kynnt eru fjögur álit Samkeppniseftirlitsins sem birt voru í lok árs 2009, sem öll fela í sér tilmæli til

stjórnvalda til þess að breyta starfsháttum sínum með það að markmiði að greiða fyrir samkeppni. Einnig er fjallað um tengsl nýsköpunar og samkeppni, en aldrei hefur verið mikilvægara að efla nýsköpun á Íslandi. Samkeppniseftirlitið hefur í starfi sínu bent á leiðir til þess.

Samkeppniseftirlitið hefur einsett sér að fylgja samkeppnislögum eftir af festu við þær aðstæður sem nú eru. Í aðdraganda bankahrunsins og í framhaldi af því, þ.e. frá ársbyrjun 2008 til ársloka 2009, hefur Samkeppniseftirlitið sektað vel á annan tug fyrirtækja um samanlagt tæplega 1,4 milljarða króna fyrir brot á samkeppnisreglum. Á árinu 2009 ógilti Samkeppniseftirlitið eða stöðvaði fjóra samruna og setti öðrum fimm skilyrði. Hér á eftir er fjallað nánar um þessi verkefni.

En Íslendingar vilja enn meira eftirlit og enn meiri festu. Þetta sýna niðurstöður skoðanakannana sem reifuð eru í ritinu. Það er heldur ekki vanþörf á. Brýnum verkefnum Samkeppniseftirlitsins hefur fjölgað hratt í kjölfar bankahrunsins. Aldrei hafa fleiri og flóknari mál verið til meðferðar en nú. Réttmætar kröfur almennings og fyrirtækja um öflugt samkeppniseftirlit hafa aukist að sama skapi.

Við sem störfum í Samkeppniseftirlitinu göngum einbeitt til þessara verka.



Páll Gunnar Pálsson

Forstjóri  
Samkeppniseftirlitsins.



# Samkeppni flýtir efnahagsbata

## Öflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnustarfsemi

*Þann 27. nóvember 2008, eða skömmu eftir bankahrundið, birti Samkeppniseftirlitið ítarlega skýrslu (150 bls.) um opnun markaða og eflingu atvinnustarfsemi. Meginniðurstaða skýrslunnar var sú að aðgerðir til þess að viðhalda eða efla samkeppni stuðli að hraðari endurreisn atvinnulífsins og séu því rétt viðbrögð við efnahagskreppu.*

Skýrslan var send fjölmörgum aðilum til umsagnar og var hún og er almenningi aðgengileg á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins. Eftir að skýrslan var birt hefur Samkeppniseftirlitið ráðist í margþættar aðgerðir sem miða að því að opna markaði og efla atvinnustarfsemi. Aðgerðirnar byggja á því mati sem fram kemur í skýrslunni, að teknu tilliti til þeirra umsagna sem fram hafa komið.

Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins; [www.samkeppni.is](http://www.samkeppni.is).

### Erfið staða fyrirtækja á mörgum mikilvægum samkeppnismörkuðum gerir aðgerðir til eflingar samkeppni brýnar

Mun meiri hætta er á því að fyrirtæki raski samkeppni með aðgerðum sínum í efnahagskreppu en þegar betur árar. Hvatinn til þess að taka þátt í ólögum samráði eða misbeita ráðandi stöðu eykst og erfiðleikar í rekstri geta dregið úr virðingu fyrir lögum. Brýnt er því að gæta þess að fyrirtæki í erfiðleikum grípi ekki til úrræða sem brjóta gegn samkeppnislögum. Slík úrræði fela að jafnaði í sér mikinn skaða fyrir samfélagið.

Þá er mjög mikilvægt við þessar aðstæður að löggjafinn grípi ekki til neinna aðgerða sem draga úr samkeppni á mikilvægum mörkuðum. Sérstaklega er mikilvægt að draga ekki úr hvötum til samkeppni milli fjármálafyrirtækja, því áhrif slíkra aðgerða á önnur svið atvinnulífsins geta verið mikil. Almennur og fyrirtæki hafa af því mikla langtímahagsmuni að samkeppni ríki á fjármálamörkuðum.

Í skýrslu nr. 2/2008, *Öflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnustarfsemi*, er fjallað um eftirfarandi:

- Reynslu annarra ríkja af þýðingu samkeppni í efnahagskreppum og hvaða lærdóm megi draga af henni.
- Greiningu á um 15 samkeppnismörkuðum, helstu hindranir sem ný fyrirtæki eða smærri fyrirtæki standa frammi fyrir og aðgerðir sem geta rutt úr vegi eða dregið úr þessum hindrunum.
- Leiðir sem opinberir aðilar geta gripið til í því skyni að opna markaði og viðhalda samkeppni.
- Nýsköpun og frumkvöðla, helstu hindranir og leiðir til úrbóta.

Í skýrslunni er ítarlega fjallað um eftirfarandi markaði:

- Fjármálaþjónusta og greiðslumiðlun
- Vátryggingar
- Matvörumarkaður – almennt
- Mjól og mjólkurafurðir
- Kjöt og egg
- Lyfjamarkaður
- Olíumarkaður
- Fjölmíðlar
- Fjarskipti
- Sjóflutningar
- Áætlunarflug til og frá Íslandi
- Flugfrakt
- Innanlandsflug
- Landflutningar – fólksflutningar
- Landflutningar – vörur

## Virki samkeppni og samkeppnisstefna er ein af forsendum norræna velferðarkerfisins

*Haustið 2009 gáfu norrænu samkeppniseftirlitin út sérstaka skýrslu um samkeppni og kreppu; *Competition Policy and Financial Crises – Lessons Learned and the Way Forward*. Skýrslan var kynnt á fréttamannafundi í Reykjavík með forstjórum eftirlitanna þann 9. september.*

Í skýrslunni er fjallað um yfirstandandi efnahagskreppu og áhrif hennar í hverju landi fyrir sig. Dreginn er lærdómur af fyrri efnahagskreppum og brugðið upp mynd af því hvernig reynt hefur á samkeppnisstefnu landanna í yfirstandandi kreppu. Þá er fjallað um tengslin milli samkeppni, nýsköpunar og hagvaxtar. Að síðustu eru dregnar fram niðurstöður umfjöllunarinnar, sem einnig hafa að geyma sameiginlegar áherslur samkeppniseftirlitanna.

### Virki samkeppni er mikilvæg til þess að hraða efnahagsbata og mynda grundvöll fyrir atvinnusköpun og hagsæld

Í skýrslunni kemur m.a. fram að fjármálakreppur fyrri tíðar sýna að aðgerðir sem miða að því að viðhalda og efla virka samkeppni stuðla að því að þjóðir vinni sig hraðar en ella upp úr efnahagslæðum. Aðgerðir sem fela í sér samkeppnishömlur hindra efnahagslegan bata og draga kreppu á langinn.

Fyrri efnahagskreppur geyma dæmi um að gripið hafi verið til verndarstefnu og veikingar á samkeppnisreglum með það að markmiði

að draga úr neikvæðum áhrifum efnahagsáfalla. Rannsóknir sýna hins vegar að slíkar aðgerðir hafa haft þveröfug áhrif, þ.e. dregið niðursveifluna á langinn. Með vísan í þessa reynslu leggja norrænu samkeppniseftirlitin höfuðáherslu á að í aðgerðum sem ætlað er að takast á við efnahagskreppuna verði höfð hliðsjón af áhrifum þeirra á samkeppni. Slíkt verði gert strax frá upphafi þannig að ekki þurfi að vinda ofan af aðgerðum sem skaða samkeppni til langvarandi tjóns fyrir neytendur og þjóðfélagið í heild.

Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins; [www.samkeppni.is](http://www.samkeppni.is).

### Norrænu samkeppniseftirlitin leggja m.a. áherslu á eftirfarandi:

- Stjórnvöldum ber að meta fyrirfram hvaða áhrif ráðstafanir þeirra hafa á samkeppni.
- Samkeppniseftirlitin munu vera sveigjanleg í meðferð brýnna samrunamála og hraða málsmeðferð, en munu ekki beita vægara mati á samkeppnislegum áhrifum samruna.
- Fyrirtækjum má ekki líðast að bregðast við efnahagskreppu með ólögum samráði eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu.
- Virki samkeppni í útboðum skiptir sköpum.
- Lágmarka þarf eins og kostur er samkeppnishindranir sem stafa af ríkisstyrkjum.



# Endurskipulagning fyrirtækja skiptir sköpum

## Bankar verða hins vegar að gera skýra arðsemiskröfu til endurskipulagðra fyrirtækja

„Það er neytendum og atvinnulífinu til hagsbóta að bankar afskrifi eða minnki skuldir rekstrarhæfra fyrirtækja sem eiga í greiðsluferfiðleikum. Bankar verða hins vegar að gera skýra arðsemiskröfu til endurskipulagðra fyrirtækja og gæta að samkeppnissjónarmiðum.“

Þetta kemur m.a. fram í umræðuskjali um banka og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja sem Samkeppniseftirlitið birti þann 8. desember 2009. Leitaði Samkeppniseftirlitið umsagna hjá hagsmunaaðilum og almenningi um þá stefnumörkun sem kynnt er í skjalinu.

Í umræðuskjalinu er fjallað um skuldavanda íslenskra fyrirtækja og samkeppnisleg álitæfni tengd honum. Er viðfangsefni þetta afar mikilvægt og getur haft veruleg áhrif á þróun og uppbyggingu íslensks atvinnulífs.

Samkeppniseftirlitið setur fram kjarnasjónarmið, í 17 tölusetnum liðum, sem það telur að hafa eigi að leiðarljósi við endurskipulagningu atvinnufyrirtækja. Dreginn er lærdómur af reynslu annarra ríkja af áþekktum álitæfnum. Jafnframt er gefið yfirlit yfir það hvernig framangreind

þátttaka bankanna á samkeppnismörkuðum horfir við samkeppnislögunum, hvernig ríkisstyrkjareglur tengjast viðfangsefninu og hvernig brugðist hefur verið við málum af þessu tagi hingað til.

### Hafa verður hagsmuni neytenda og samfélagsins af virkri samkeppni að leiðarljósi umfram sérhagsmuni tiltekinna fyrirtækja

Umræðuskjalinu er m.a. ætlað að draga fram hversu mikilvægt það er að hagsmunir neytenda og samfélagsins af virkri samkeppni séu hafðir að leiðarljósi umfram sérhagsmuni tiltekinna fyrirtækja.

Í opinberri umfjöllun um endurskipulagningu fyrirtækja hefur nær einhliða verið fjallað um stöðu einstakra fyrirtækja sem nú sjá fram á samkeppni við fjárhagslega endurskipulögð fyrirtæki. Sjónarmið þeirra skipta vissulega máli þegar endurskipulagning fer fram, en mega ekki vera ráðandi. Einkum þarf að líta til hagsmuna samfélagsins og neytenda af virkri samkeppni.

### Það er neytendum og atvinnulífinu til hagsbóta að bankar afskrifi eða minnki skuldir rekstrarhæfra fyrirtækja

Ef rekstrarhæfum fyrirtækjum er haldið of skuldsettum getur það dregið verulega úr efnahagsbata. Yfirskuldsett atvinnulíf er ekki líklegt til að stuðla að þróttmikilli efnahagsstarfsemi. Fyrirtæki á jaðri gjaldþrots verða svifasein, áhættufælin og skapa minni verðmæti.

Ef ákvörðun banka eða annarra lánardrottna um niðurfellingu eða lækkun skulda er byggð á málefnalegum og viðskiptalegum sjónarmiðum er hún ekki gagnrýnisverð út frá sjónarhóli samkeppnislaga, nema eitthvað sérstakt komi til.

### Áherslur við endurskipulagningu fyrirtækja skipta sköpum við endurreisnina

Stór hluti fyrirtækja í mörgum atvinnugreinum stendur höllum fæti. Mikilvægt er því að taka vandamál sem þessi föstum tókum. Nýta má reynslu annarra ríkja af fyrri kreppum. Í umræðuskjalinu eru rakin mismunandi viðbrögð Asíuþjóða við kreppuástandi á síðasta áratug. Horfa ætti til reynslu Suður Kóreu en forðast þær aðferðir sem beitt var í Japan og höfðu slæmar afleiðingar á efnahagsbata, sbr. nánar 3. kafla í skýrslunni.

### Á meðal þeirra 17 kjarnasjónarmiða sem fram koma í umræðuskjalinu (2. kafla) má nefna eftirfarandi:

- Einungis á að koma þeim fyrirtækjum til aðstoðar, sem eiga sér eðlilegar rekstrarlegar forsendur en forðast ber að endurreisa eða halda gangandi óhagkvæmum fyrirtækjum.
- Það er neytendum og atvinnulífinu til hagsbóta að bankar afskrifi skuldir eða dragi á annan hátt úr skuldabyrði rekstrarhæfra fyrirtækja. Beiting samkeppnislaga á ekki að vinna gegn þessu.
- Bankar verða að gera skýra arðsemiskröfu til endurskipulagðra fyrirtækja og gæta verður fyllsta aðhalds um arðsemi.
- Draga þarf úr hættunni á því að of mikil skuldabyrði fyrirtækja sé sótt í vasa neytenda í formi herra verðs.
- Bankar eiga að selja endurskipulögð fyrirtæki svo fljótt sem auðið er í gagnsæju ferli, eftir því sem kostur er. Skráning í kauphöll er vænlegur kostur.
- Samkeppnislögin veita næga vernd að því undanskildu að í þeim skortir víðtækari heimildir til að skipta upp fyrirtækjum.

### Bankar verða að gera skýra arðsemiskröfu til endurskipulagðra fyrirtækja og gæta verður fyllsta aðhalds um arðsemi

Bönkum ber að líta til þess að fyrirtæki sem eru endurskipulögð bera ekki lengur greiðslu afborgana og vaxta þeirra skulda sem skuldbreytt hefur verið. Nauðsynlegt er að bankar geri ríka arðsemiskröfu og gæti fyllsta aðhalds um arðsemi endurskipulagðra fyrirtækja í eigu bankanna. Bankar mega ekki freistast til að hámarka virði fyrirtækja út frá væntanlegri fákeppnisstöðu og fákeppnishagnaði sem er sóttur með því að víkja arðsemissjónarmiðum tímabundið til hliðar með langtímamarkmið um fákeppni að leiðarljósi.

### Samkeppniseftirlitið hefur óskað eftir sjónarmiðum og athugasemdum við umræðuskjalið

Umræðuskjalið var sent fjölmörgum aðilum til umsagnar, auk þess sem öllum áhugasömum gafst kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri. Mun eftirlitið í framhaldinu vinna úr framkomnum athugasemdum, miðla þeim m.a. til banka og stjórnvalda og með því stuðla að skýrri stefnumörkun við endurreisn fyrirtækja, almenningi og atvinnulífinu til hagsbóta.

Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins; [www.samkeppni.is](http://www.samkeppni.is).



# Stjórnvöld eiga að styðja við samkeppni

## Velja ber þá leið sem raskar samkeppni minnst

Ljóst er að stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög, geta með aðgerðum sínum eða aðgerðaleyfi haft mikil áhrif á samkeppni og samkeppnisskilyrði í atvinnulífinu. Í efnahagskreppu geta ráðstafanir stjórnvalda ráðið miklu um það hversu hraður efnahagsbatinn verður.

Stjórnvöld hafa fyrst og fremst það hlutverk að gæta ýmissa almannahagsmuna. Þessu hlutverki sinna þau m.a. með setningu reglna og með opinberu eftirliti. Reglur og eftirlit af þessum toga geta aukið kostnað í atvinnurekstri, raskað samkeppni og unnið gegn því að ný fyrirtæki nái fótfestu á viðkomandi markaði.

Oft er það óhjákvæmilegt vegna þeirra brýnu almannahagsmuna sem þarna búa að baki. Í einhverjum tilvikum er slíkt aftur á móti ekki óhjákvæmilegt. Þegar fleiri en ein leið er fær að tilteknu markmiði ber að fara þá leið sem takmarkar síður samkeppni á viðkomandi sviði.

### Stjórnvöld geta verið erfiðir keppinautar

Stjórnvöld eru í ýmsum tilvikum þátttakendur á samkeppnismörkuðum. Þau geta verið kaupendur þjónustu eða vöru, seljendur vöru eða þjónustu, og í sumum tilvikum eru þau í samkeppni við einkaaðila. Þegar svo háttar

til er mikilvægt að stjórnvöld gæti þess í hvívetna að raska ekki samkeppni. Í því skyni er Samkeppniseftirlitinu t.d. heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað opinberrar starfsemi og samkeppnisstarfsemi, sbr. 14. gr. samkeppnislaga. Gæta skal þess sérstaklega að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af starfsemi sem nýtur einkaleyfis eða verndar.

### Samkeppniseftirlitið hefur eftirlit með stjórnvöldum

Á meðal verkefna Samkeppniseftirlitsins er að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til að gera samkeppni virkari og auðveldari aðgang nýrra samkeppnisaðila á markaði. Þegar Samkeppniseftirlitið telur að ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla stríði gegn markmiði samkeppnislaga og torveldi frjálsa samkeppni í viðskiptum skal það vekja athygli ráðherra á því í álit.

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2008, *Öflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnustarfsemi*, er bent á leiðir sem opinberir aðilar geta gripið til í því skyni að opna markaði og viðhalda samkeppni. Þessar leiðir lúta annars

vegar að almennum aðferðum og vinnubrögðum sem stuðlað geta að virkri samkeppni og hins vegar að tilteknum reglum eða framkvæmd á forræði stjórnvalda, sem betur mættu fara.

Í kjölfar skýrslunnar hefur Samkeppniseftirlitið birt þrjú álit þar sem lagt er til breytt verklag við undirbúning laga og stjórnvaldsfyrirmæla, skipulagsvinnu og lóðaúthlutanir og opinber innkaup og útboð. Fleiri álit eru í farvatninu, m.a. álit sem beint er að sveitarfélögum. Þar eru reifuð ýmis atriði sem varða samkeppnismál og þeim ber að hafa í huga í starfi sínu.

„Stjórnvöld hafa fyrst og fremst það hlutverk að gæta ýmissa almannahagsmuna. Þessu hlutverki sinna þau m.a. með setningu reglna og með opinberu eftirliti.“

## Eftirfarandi tilmælum hefur verið beint til stjórnvalda

### Álit nr. 2/2009, Samkeppnismat stjórnvalda

Mælt er til þess við forsætisráðherra að hann stuðli að því að stjórnvöldum verði gert skylt að framkvæma staðlað samkeppnismat í tengslum við undirbúning að setningu laga og stjórnvaldsfyrirmæla.

Markmið með samkeppnismati er að fá opinbera aðila til að meta með sjálfstæðum hætti hvaða

áhrif tiltekin reglusetning hefur á samkeppni-markaði. Telja verður að samkeppnismat geti stuðlað að því að markaðir opnast eða haldist opnir og þannig verði komið í veg fyrir óþarfar opinberar aðgangshindranir, þ.e. hindranir nýrra fyrirtækja við að komast inn á nýja markaði eða vaxa við hlið stærri fyrirtækja.

### Álit nr. 3/2009, Skipulag, lóðaúthlutanir og samkeppni

Vakin er athygli á því að skipulagsyfirkvöld hafa ekki markað sér skýra stefnu um áhrif samkeppnissjónarmiða á gerð og framkvæmd skipulagsáætla og við einstakar lóðaúthlutanir sveitarfélaga. Nefnd eru tilvik þar sem tilhögun þess hefur haft töluverð áhrif á samkeppnisaðstæður.

Í álitinu er mælt til þess við umhverfisráðherra að hann beiti sér fyrir breytingum á ákvæðum skipulags- og byggingarlaga til að tryggja að horft sé til samkeppnissjónarmiða við skipulag og úthlutun lóða.

Jafnframt beinir Samkeppniseftirlitið því til sveitarfélaga á Íslandi að hafa átta meginreglur til hliðsjónar við skipulagsmál og úthlutun lóða. Í þeim er m.a. mælt til eftirfarandi:

- Að lagt sé samkeppnislegt mat á skipulag hverfa. Að úthlutun lóða fari fram með útboði eða öðrum gagnsæjum hætti.
- Að gerðar verði ráðstafanir, eins og mögulegt er, til þess að ný eða smærri fyrirtæki fái lóðir fyrir atvinnustarfsemi sína og komið í veg fyrir að markaðsráðandi fyrirtæki geti setið á lóðum.
- Að sveitarfélög beiti sér gegn samkeppnishamlandi kvöðum í lóðarleigusamningum.

### Álit nr. 4/2009, Opinber útboð, samkeppni og samkeppnishindranir

Fjallað er um opinber innkaup og hvernig útboð geta haft jákvæð áhrif á samkeppni. Er því sérstaklega beint til aðstandenda opinberra útboða að gæta þess að farið sé að samkeppnislögum við framkvæmd útboða og settur fram gátlisti í því

skyni að auðvelda aðilum að sporna við og koma auga á samkeppnishindranir.

Í álitinu eru rakin nokkur dæmi um samkeppnishindranir í tengslum við framkvæmd útboða.





# Nýsköpun er forsenda aukinnar velferðar

## Virk samkeppni er mikilvæg hvatning til nýsköpunar

Nýsköpun er mikilvæg forsenda efnahagsframfara og aukinnar velferðar. Við nýsköpun verða til nýjar vörur og þjónusta, nýjar framleiðsluaðferðir og breytingar á skipulagi efnahagslífsins. Það skapar möguleika á aukinni verðmætasköpun með minni fyrirhöfn, færri eða ódýrari aðföngum og lægri kostnaði.

### Nýsköpun er kostnaðarsöm og óvíst er um árangur

Nýsköpun byggir oft á nýrri þekkingu sem þarf að tileinka sér með markvissum og kostnaðarsömum hætti, t.d. með sérhæfðu rannsóknar- og þróunarstarfi. Óvissa ríkir um árangur, því notendur eiga oft erfitt með að tjá þarfir sínar áður en nýsköpunin kemur fram og þær geta breyst í kjölfarið. Auk þess er verðmætasköpun nýsköpunar á einu sviði oft háð nýsköpun á öðrum sviðum. Sem dæmi má nefna að ávinningur af nýsköpun á sviði tölvutækni er á gagnkvæman hátt háður nýsköpun í hugbúnaðargerð.

Nýsköpun getur skapað fyrirtækjum samkeppnisforskot ef vel tekst til. Nái fyrirtæki samkeppnisforskoti getur það fyrir sama kostnað skapað meira virði fyrir viðskiptavinum en keppinautarnir. Ef vara eða þjónusta er vel aðgreind frá vörum

keppinauta eru viðskiptavinir tilbúnir að greiða hærra verð fyrir hana. Ef aðgreiningin er hins vegar lítil hefur fyrirtækið meira svigrúm til að lækka verð. Í báðum tilfellum er hagnaður fyrirtækisins meiri en keppinautanna.

Fyrirtæki hafa hins vegar lítinn hvata til nýsköpunar án virkrar samkeppni. Einokunarstaða felur í sér samkeppnisforskot og fyrirtæki í einokunarstöðu sjá sjaldan hag sinn í því að leggja út í þann kostnað og taka þá áhættu sem felst í nýsköpun. Fyrirtæki sem búa við virka samkeppni geta átt von á því að hagur þeirra versni ef keppinautar þeirra, bæði gamlir og nýir, ná að byggja upp samkeppnisforskot í kjölfar nýsköpunar. Þau hafa því sterkan hvata til nýsköpunar, annað hvort til þess að vera fyrri til eða til að bregðast við aðgerðum keppinautanna.



Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins, nr. 2/2009, *Öflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnustarfsemi*, er fjallað um nokkrar leiðir til þess að efla nýsköpun við þær aðstæður sem nú eru. Á meðal þess sem nefnt er í skýrslunni er eftirfarandi:

- Opnberir aðilar beiti útboðum í því skyni að efla nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi.
- Opnberir aðilar framkvæmi samkeppnismat í því skyni að stuðla að opnun markaða og nýsköpun.
- Tekin verði til athugunar áhrif nógildandi löggjafar um hugverkarétt á nýsköpun og samkeppni.
- Sett verði í lög skattaávilnana- og endurgreiðslukerfi fyrir nýsköpunarfyrirtæki eftir fyrirmynd í norskum lögum.



### Virk samkeppni tryggir að ávinningur af nýsköpun skili sér til neytenda

Fyrirtæki sem hafa náð samkeppnisforskoti með nýsköpun geta skilað meiri hagnaði en keppinautarnir. Þau hafa líka möguleika á að stækka markaðshlutdeild sína á kostnað keppinautanna og geta í sumum tilfellum hrakið þá af markaði. Samkeppnisforskot getur þess vegna leitt til veikari samkeppni. Við það dregur úr ávinningi neytenda og hvati til frekari nýsköpunar minnkar. Af þessum ástæðum er mikilvægt að samkeppnisforskot sem myndast við nýsköpun sé ekki misnotað og verði ekki varanlegt.

Tímabundið samkeppnisforskot er hins vegar mikilvæg umbun fyrir þá áhættu sem tekin er við nýsköpun. Þegar auðvelt er fyrir keppinauta að tileinka sér hana er ástæða til þess að veita tímabundið einkaleyfi á hagnýtingu nýsköpunar. Í langflestum tilfellum er þó bæði kostnaðarsamt og tímafrekt fyrir keppinauta, bæði gamla og nýja, að tileinka sér nýsköpun annarra eða bæta um betur. Við þær aðstæður er nauðsynlegt að viðhalda virkri samkeppni til að koma í veg fyrir að samkeppnisforskotið verði varanlegt. Þannig fá fyrirtæki að njóta ávaxtanna af árangursríkri nýsköpun en um leið er tryggt að ávinningurinn skili sér á endanum til neytenda og að hvati sé til frekari nýsköpunar.

### Öflugt samkeppniseftirlit skapar jafnvægi milli samkeppni og nýsköpunar

Virk samkeppni og mögulegt samkeppnisforskot eru mikilvægar forsendur nýsköpunar í efnahagslífinu. Hlutverk Samkeppniseftirlitsins er að fara bil beggja og skapa jafnvægi milli samkeppni og nýsköpunar. Með því er hvatt til nýsköpunar og tryggt að afrakstur hennar skili sér til neytenda. Þannig vinnur eftirlitið að efnahagslegum framförum og aukinni velferð samfélagsins.

„Nái fyrirtæki samkeppnisforskoti getur það fyrir sama kostnað skapað meira virði fyrir viðskiptavinum en keppinautarnir“



# Sýna þarf fyrirtækjum og opinberum aðilum meira aðhald

## Almenningur vill meiri samkeppni


Eins og rakið er hér að framan sýnir reynsla fyrri tíðar að aðgerðir sem miða að því að viðhalda og efla virka samkeppni stuðla að því að þjóðir vinni sig hraðar en ella upp úr efnahagslægðum.

Hins vegar eru mörg dæmi um að þjóðir freistist til að reisa ýmiskonar varnir um efnahag sinn og atvinnustarfsemi sem fela í sér samkeppnishömlur. Er það oft réttlætt með því að verja þurfi störf og innlenda starfsemi. Það skipti meira máli en að viðhalda samkeppni.

Allt bendir hins vegar til þess að íslenskur almenningur leggi áherslu á nauðsyn þess að efla samkeppni nú um stundir. Í nýlegri könnun í Þjóðarpólusi Gallup kemur fram að 90% almennings telji að Samkeppniseftirlitið ætti að veita fyrirtækjum og opinberum aðilum meira aðhald. Sama hlutfall var þessarar skoðunar á miðju ári 2008, fyrir bankahrun. Yfirstandandi efnahagserfiðleikar hafa því ekki breytt því eindregna viðhorfi almennings að fylgja eigi samkeppnisreglum eftir af festu.

### Spurning: Ætti Samkeppniseftirlitið að veita fyrirtækjum og opinberum aðilum meira eða minna aðhald?

■ Meira ■ Hvorki né ■ Minna



Samkeppniseftirlitið er sammála þessu. Þó að margt hafi unnist vel má enn gera betur. Brýn þörf er á því að fjölga stjórnarsýsluathugunum og bæta málshraða og styrkja grunnrannsóknir eftirlitsins við þær aðstæður sem nú ríkja.

## Íslensk fyrirtæki kjósa samkeppni


Samkeppnisaðstæður eru mikið til umfjöllunar í tengslum við þátttöku banka í fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja. Í opinberri umfjöllun hefur mikið verið fjallað um stöðu einstakra fyrirtækja sem nú sjá fram á samkeppni við fjárhagslega endurskipulögð fyrirtæki.

Það þarf því ekki að koma á óvart að allur þorri stjórnenda fyrirtækja leggur áherslu á bætta samkeppnisaðstæður. Í viðhorfskönnun, sem Samkeppniseftirlitið lét gera á meðal forsvarsmanna fyrirtækja um mitt ár 2009, kemur fram að um 80% forsvarsmanna fyrirtækja telja að Samkeppniseftirlitið ætti að veita fyrirtækjum og opinberum aðilum meira aðhald. Sama hlutfall var þessarar skoðunar á miðju ári 2008, fyrir bankahrun.

Taka ber fram að nokkuð hátt hlutfall svarenda voru forsvarsmenn minni fyrirtækja.

### Spurning: Ætti Samkeppniseftirlitið að veita fyrirtækjum og opinberum aðilum meira eða minna aðhald?

■ Meira ■ Hvorki né ■ Minna



### Almenningur og fyrirtæki almennt jákvæð í garð Samkeppniseftirlitsins


Kannanir sýna einnig að almenningur er fremur jákvæður í garð Samkeppniseftirlitsins. Í könnun Gallup frá miðju ári 2009 kom fram að yfirgnæfandi meirihluti svarenda, eða 73%, var jákvæður í garð Samkeppniseftirlitsins. Ári áður svöruðu tæplega 80% svarenda sömu spurningu játandi. Talsvert lægra hlutfall, eða um 45% svarenda bar mikið traust til Samkeppniseftirlitsins á miðju ári 2009.

Tæp 60% forsvarsmanna fyrirtækja reyndust vera jákvæð í garð Samkeppniseftirlitsins á miðju ári 2009. Þetta er nokkru lægra hlutfall en

í skoðanakönnun á miðju árinu áður, en þá voru um 80% þátttakenda jákvæð í garð Samkeppniseftirlitsins. Nokkru lægra hlutfall forsvarsmanna fyrirtækja bar traust til Samkeppniseftirlitsins á miðju ári 2009, eða tæplega 40%.


### Spurning: Hversu jákvæð(ur) ertu í garð Samkeppniseftirlitsins? (Almenningur)

■ Meira ■ Hvorki né ■ Minna



### Spurning: Hversu jákvæð(ur) ertu í garð Samkeppniseftirlitsins? (Forsvarsmenn fyrirtækja)

■ Meira ■ Hvorki né ■ Minna



Viðhorfskönnun um þekkingu á aðgerðum Samkeppniseftirlitsins og viðhorf í garð þess var framkvæmd af Capacent Gallup á miðju ári 2009 með síma- og netkönnun, annars vegar í Þjóðar-pólusi Gallup og hins vegar í fyrirtækjavagn Gallup. Úrtak var 1.350 manns, 16-75 ára, handahófsvalið úr þjóðskrá. Svarhlutfall var 60,9%.



# Samkeppnislögum fylgt eftir af festu

## Aldrei fleiri mál til meðferðar

Framkvæmd samkeppnislaga er ekki síður mikilvæg í efnahagsferfiðleikum en þegar betur árar. Samkeppniseftirlitið hafði í nógu að snúast í aðdraganda bankahrunsins, en álagið hefur aukist til muna í framhaldi af hruninu.

Frá byrjun árs 2008 hefur Samkeppniseftirlitið birt um það bil 110 ákvarðanir í stjórnslu-málum á heimasíðu sinni, 64 á árinu 2008 og um 49 á árinu 2009. Fjöldi ákvarðana sem birtar eru á heimasíðu eftirlitsins segir hins vegar ekki alla söguna. Þannig má nefna að frá bankahruninu í byrjun október 2008 til loka árs 2009 hefur Samkeppniseftirlitið haft um 300 mál til meðferðar. Af þeim voru um 130 mál til

meðferðar í árslok 2009. Aldrei hafa jafn mörg mál verið til meðferðar á sama tíma. Ekki eru meðtalin samskipti við önnur stjórnvöld, erlent samstarf o.s.frv.

Annasamt hefur verið hjá áfrýjunarnefnd samkeppnismála frá bankahruninu. Aldrei í tíð Samkeppniseftirlitsins hafa fleiri úrskurðir verið felldir af nefndinni en á árinu 2009, eða 14 úrskurðir, samanborið við 11 á árinu 2008. Svipaða sögu má segja um málarekstur fyrir dómstólum en frá byrjun árs 2008 hafa um 11 mál verið til meðferðar hjá dómstólum þar sem Samkeppniseftirlitið er aðili.

## Stjórnvaldssektir ákveðnar af Samkeppniseftirlitinu á árunum 2008 og 2009

Ákvörðun	Fyrirtæki	Eðli brots*	Sektir	Áfrýjunarnefnd	
1	41/2009	Síminn hf.	Misnotkun á markaðsráðandi stöðu	150.000.000	
	37/2009	Eignarhaldsfélagið Fengur ehf.	Brot á banni við framkvæmd samruna	10.000.000	Ekki kært
2	27/2009	Teymi hf.	Ólöglegt samráð og brot á fyrri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins	70.000.000	Ekki kært
3	23/2009	Sena ehf.	Brot á banni við framkvæmd samruna	15.000.000	15.000.000
4	22/2009	Hagar hf.	Brot á banni við framkvæmd samruna	20.000.000	20.000.000
5	14/2009	Vélar og verkfæri ehf.	Misnotkun á markaðsráðandi stöðu	15.000.000	10.000.000
6	9/2009	Bændasamtök Íslands	Ólöglegt samráð á vettvangi samtaka fyrirtækja	10.000.000	7.000.000
7	5/2009	Félag íslenskra stórkaupmanna	Ólöglegt samráð á vettvangi samtaka fyrirtækja	1.000.000	Ekki kært
8	64/2008	Hagar hf.	Misnotkun á markaðsráðandi stöðu	315.000.000	315.000.000
9	32/2008	Sundagarðar hf.	Brot á tilkynningaskyldu um samruna	750.000	750.000
10	30/2008	Geysir Green Energy	Brot á tilkynningaskyldu um samruna	500.000	Ekki kært
11	27/2008	Fiskmarkaður Íslands hf.	Misnotkun á markaðsráðandi stöðu	10.000.000	7.000.000
12	10/2008	Samtök iðnaðarins	Ólöglegt samráð á vettvangi samtaka fyrirtækja	2.500.000	Ekki kært
13		Samtök verslunar og þjónustu	Ólöglegt samráð á vettvangi samtaka fyrirtækja	1.000.000	Ekki kært
14	4/2008	Greiðslumiðlun hf. (Valitor)	Ólöglegt samráð og misnotkun á markaðsráðandi stöðu	385.000.000	Ekki kært
15		Kreditkort hf. (Borgun)	Ólöglegt samráð	185.000.000	Ekki kært
16		Fjölgreiðslumiðlun hf. (FGM)	Ólöglegt samráð	165.000.000	Ekki kært

Samtals: 1.355.750.000

## Stjórnvaldssektir nema 1,4 milljörðum króna á tveimur árum

Frá ársbyrjun 2008 hefur Samkeppniseftirlitið sektað 16 fyrirtæki samtals um tæplega 1,4 milljarða króna í þrettán málum. Þar af hefur Samkeppniseftirlitið sektað fyrirtæki um ríflega 600 milljónir króna frá bankahruninu haustið 2008. Hæstu sektirnar voru ákvarðaðar vegna brota greiðslukortafyrirtækja á bannákvæðum samkeppnislaga, vegna misnotkunar Haga hf. á markaðsráðandi stöðu og vegna misnotkunar Símans hf. á markaðsráðandi stöðu.

## Fjórar húsleitir

Samkeppniseftirlitið hefur framkvæmt fjórar húsleitir á árinu 2009, en engar húsleitir voru gerðar á árinu 2008. Ein húsleitanna varðar grun um misnotkun á markaðsráðandi stöðu og þrjár grun um ólöglegt samráð. Eitt síðasttöldu málanna varðaði einnig brot á fyrri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins. Því máli er lokið með 70 milljóna króna sekt gagnvart Teymi hf., auk þess sem félaginu var gert að selja Tal frá samstæðunni.

## Gripið inn í 12 samruna

Á árinu 2009 tók Samkeppniseftirlitið 24 ákvarðanir í samrunamálum samanborið við

40 samrunaákvörðanir á árinu 2008. Þetta segir þó ekki alla söguna því þó samrunaákvörðunum hafi fækkað milli ára hefur Samkeppniseftirlitið aldrei gripið inn í jafn marga samruna og á árinu 2009. Eftirlitið kom í veg fyrir eða ógilti þrjá samruna og setti fjórum samrunum skilyrði á því ári. Á árinu 2008 voru fjórum samrunum sett skilyrði.

Samrunatilkynningum fjölgaði mikið á seinni hluta ársins 2009. Á árinu 2009 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um 43 samruna. Þar af voru 17 samrunar tilkynntir á síðasta fjórðungi ársins, eða um 40% tilkynnta samruna. Bankar eru samrunaaðilar í langflestum samrunamálum á árinu 2009, eða í 75% tilvika. Í lok árs voru 17 samrunar til rannsóknar, en í 14 þeirra var banki samrunaaðili.

## Mælt fyrir um sölu eigna eða uppskiptingu fyrirtækja

Samkeppniseftirlitið hefur í vaxandi mæli mælt fyrir um sölu eða uppskiptingu eigna í tengslum við rannsóknir mála. Frá upphafi árs 2008 hefur eftirlitið þannig mælt fyrir um sölu útgáfuréttinda og lagers frá Forlaginu ehf., sölu á eignarhlut Orkuveitu Reykjavíkur í Hitaveitu Suðurnesja, sölu Skífunnar ehf. frá Senu ehf. og sölu Tals frá Teymi hf.

## Samrunar á árunum 2008 og 2009 sem Samkeppniseftirlitið taldi skaðlega samkeppni

Ákvörðun	Samrunar	Niðurstaða*	
1	49/2009	Yfirtaka Kaupþings banka á Arion banka	Samruna sett skilyrði
2	48/2009	Yfirtaka Glitnis á Íslandsbanka	Samruna sett skilyrði
3	40/2009	Samruni Kaupfélags Skagfirðinga svf. og Mjólku ehf./Eyjabús ehf.	Samkeppniseftirlitinu ekki heimil íhlutun vegna búvörlaga
4	33/2009	Samruni Íslandsbanka hf. og Icelandair Group hf.	Samruna sett skilyrði
5	30/2009	Samruni Geysis Green Energy og HS Orku	Samruna sett skilyrði
6	20/2009	Samruni Haga hf. og BT verslana ehf.	Samruni afturkallaður vegna frumniðurstöðu Samkeppniseftirlitsins
7	15/2009	Kaup Myndforms ehf. (Laugarásbíó) á 50% hlut í Þrjúbíói ehf. (Háskólabíó) af Senu ehf.	Samruni ógiltur
8	12/2009	Samruni Senu ehf. og Skífunnar ehf.	Samruna sett skilyrði
9	6/2009	Samruni Árvakurs hf., Fréttablaðsins ehf. og Pósthússins ehf.	Samruni ógiltur
10	3/2009	Kaup Valitors hf. á öllu hlutafé í Euro Refund Group North á Íslandi ehf. (Tax Free)	Samruni ógiltur
11	51/2008	Samruni Kaupþings banka hf. og Sparisjóðs Mýrasýslu	Ekki forsendur til íhlutunar vegna bágrar fjárhagsstöðu SPMýr
12	50/2008	Samruni Kaupþings banka hf. og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis	Ekki forsendur til íhlutunar vegna bágrar fjárhagsstöðu SPRON
13	36/2008	Samruni Teymis hf. (Og Vodafone) og IP-fjarskipta ehf. (Tal)	Samruna sett skilyrði
14	17/2008	Samruni Reynimels og Kynnisferða ehf.	Samruna sett skilyrði
15	8/2008	Samruni JPV útgáfu ehf. og Vegamóta ehf. (Forlagið)	Samruna sett skilyrði
16	5/2008	Kaup Kaupþings banka hf. á helmingi hlutafjár í Einkaklúbbnum ehf.	Samruna sett skilyrði

# Aukin verkefni hafa áhrif á málshraða

## Fyrirsjáanlegt að álag á Samkeppniseftirlitið muni enn aukast

Markmið Samkeppniseftirlitsins er að taka réttar ákvarðanir á sem stystum tíma. Skilvirkni og hröð málsmeðferð eru mikilvægir þættir í árangursríku samkeppniseftirliti. Á liðnum árum hefur Samkeppniseftirlitið kappkostað að stytta þann tíma sem það tekur að reka mál.

### Samkeppniseftirlitið hefur keppt að því að auka málshraða...

Talsverður árangur hefur náðst við að auka málshraða á síðustu árum. Tölur fyrir árin 2006 til 2008 sýna að meðaltal málsmeðferðartíma hefur farið lækkandi. Á árinu 2008 lauk helmingi stjórnslumála á innan við átta mánuðum.

Sambærilegar upplýsingar fyrir árið 2009 liggja ekki fyrir, en þó er ljóst að málsmeðferðartími er að lengjast að nýju. Stafar það af mikilli fjölgun mála og auknum verkefnum í framhaldi af bankahruninu. Hætt er við að þessi þróun haldi áfram, enda fyrirsjáanlegt að álag á Samkeppniseftirlitið muni enn aukast.


### ...en vaxandi álag getur snúið þeirri þróun við

Meðaltal málshraða segir ekki alla söguna. Þannig liggur fyrir að um 15% mála sem voru til meðferðar í lok árs 2009 voru eldri en tveggja ára, þ.e. stofnuð á árinu 2007 eða fyrr. Í þeim flokki eru nokkur viðamikil og flókin mál sem varða neytendahagsmuni miklu. Um 65% málanna voru hins vegar stofnuð á árinu 2009, þ.e. yngri en eins árs, og 20% málanna voru eins til tveggja ára.

Almennur samanburður við samkeppnisyfirvöld nágrannalöndanna gefur til kynna að meðferð mála og skilvirkni Samkeppniseftirlitsins hafi verið ásættanleg á síðustu árum. Samkeppniseftirlitið hefur keppt og mun áfram keppa að því að gera enn betur. Aðstaðan til þess verður augljóslega þröng á næstu misserum þar sem saman mun fara aukið álag og niðurskurður fjárheimilda.

## Aldursskipting mála sem voru til meðferðar í lok október 2009

- Mál frá yfirstandandi ári
- Mál frá síðasta ári
- Mál frá þarsíðasta ári og eldri




„Talsverður árangur hefur náðst við að auka málshraða á síðustu árum.“

## Nokkur atriði sem hafa áhrif á málshraða:

- Fjöldi sérfræðinga hjá Samkeppniseftirlitinu og rekstrarsvigrúm að öðru leyti.
- Hversu flókin athugunin er.
- Gagnamagn og umfang.
- Fjöldi aðila máls.
- Afstaða aðila og lögmanna til málsmeðferðar.
- Fjöldi og umfang samrunamála sem rekin eru samhliða, en þau eru rekin á lögbundnum tímafrestum og njóta því forgangs.
- Fjöldi og umfang annarra mála og hjá stofnuninni.
- Fjöldi og umfang mála fyrir áfrýjunarnefnd og dómstólum, en þau njóta forgangs vegna fresta sem settir eru.
- Forgangsröðun mála.
- Sönnunarkröfur í málum.
- Kröfur til meðferðar mála, m.a. skv. stjórnslulögum.

## Lengd málsmeðferðar í mánuðum (meðaltal)





# Lækkun fjárveitinga kallar á skýra forgangsröðun

## Mikilvægt að hugað sé að styrkingu eftirlitsins til framtíðar

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir því hvernig virk samkeppni getur flýtt efnahagsbata og uppbyggingu atvinnulífs. Við Samkeppniseftirlitinu blasa fjölþætt verkefni sem brýnt er að ráðast í og þola ekki bið. Álag á Samkeppniseftirlitið hefur aukist til muna eftir bankahrunið.

Miklar kröfur gerðar til Samkeppniseftirlitsins við núverandi aðstæður í efnahagslífinu. Almennigur og fyrirtæki í landinu krefjast þess að samkeppnislögum sé fylgt eftir af festu. Á sama tíma er Samkeppniseftirlitinu gert að skera niður í rekstri sínum.

### Lítill stofnun – fjölþætt verkefni

Hjá Samkeppniseftirlitinu starfa um þessar mundir u.þ.b. 22 starfsmenn. Þessum hópi er ætlað að hafa yfirsýn yfir öll svið íslensks atvinnulífs og framfylgja samkeppnislögum gagnvart fyrirtækjum og opinberum aðilum. Honum er ætlað að taka við og leysa úr kvörtunum og ábendingum almennings og þeirra sem starfa á samkeppnismörkuðum,

en honum er einnig ætlað að hafa frumkvæði að rannsóknum og eftirliti. Hópurinn á jafnframt að fylgja ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins eftir gagnvart áfrýjunarnefnd samkeppnismála og dómstólum.

Augljóst er að aukin verkefni samhliða lækkun fjárveitinga munu hafa áhrif á árangur Samkeppniseftirlitsins. Þessar aðstæður kalla á skýra forgangsröðun sem m.a. felur í sér að ákveðið verður að draga úr eftirliti á tilteknum sviðum. Því er mikilvægt að hugað sé að styrkingu eftirlitsins til framtíðar.

„Almennigur og fyrirtæki í landinu krefjast þess að samkeppnislögum sé fylgt eftir af festu.“

### Auka þarf forgangsröðun

Forgangsröðun Samkeppniseftirlitsins og takmarkað svigrúm til aðgerða mun m.a. fela eftirfarandi í sér:

- Samkeppniseftirlitið mun ákveða að taka ekki til rannsóknar tiltekin mál sem þykja minna brýn en önnur. Eftirlitið mun nýta heimildir samkeppnislaga til forgangsröðunar í ríkara mæli en áður.
- Draga verður úr vinnu við tiltekna verkefnaflokka í því skyni að efla eða viðhalda eftirliti á öðrum sviðum. Nefna má að löggjafinn hefur forgangsráðað samrunaefntilriti fram fyrir önnur verkefni með því að setja Samkeppniseftirlitinu lögbundna fresti í rannsóknum á því sviði.

- Líklegt er að draga muni úr umsvifum frumkvæðisathugana, þ.e. rannsókna sem Samkeppniseftirlitið ræðst í að eigin frumkvæði á grundvelli þarfagreiningar. Takmarkað svigrúm er til þess að draga úr athugunum á grundvelli kvartana, en kvartendur geta borið ákvarðanir um að hefja ekki rannsókn undir áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

- Hætta er á því að hægja muni á meðferð mála. Fjallað er um málshraða í kaflanum hér að framan.

Samkeppniseftirlitið vinnur nú að stefnumótun og breytingum á verkferlum og skipulagi til þess að bregðast við þeim aðstæðum sem hér er lýst. Markmiðið er að reka eins öflugt samkeppniseftirlit og ákvæði samkeppnislaga og fjárheimildir framast leyfa.

### Fjárlagaerindi fyrir árið 2009:

Á árinu 2008 lagði Samkeppniseftirlitið fram þriggja ára áætlun um styrkingu eftirlitsins, *Öflugt samkeppniseftirlit – umfjöllun um framþróun Samkeppniseftirlitsins tímabilið 2009-2011*. Í henni er ítarlega fjallað um starfsemi eftirlitsins, hvað þurfi að styrkja, til hvaða aðgerða þurfi að grípa í því skyni og hversu mikið rekstrarsvigrúm þurfi til í einstökum atriðum.

Skýrslan lá til grundvallar fjárlagaerindis Samkeppniseftirlitsins fyrir árið 2009.

Í fjárlagaerindinu var farið fram á 30% hækkun fjárheimilda. Styrkingaráætlunin fékk ekki framgang í fjárlögum.

Á fyrri hluta árs 2009 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir 50 m.kr. aukafjárveitingu í ljósi þeirra aðstæðna sem upp væru komnar í efnahagslífinu. Fylgdi erindinu ítarlegur rökstuðningur. Ekki var unnt að verða við beiðninni.

### Fjárlagaerindi fyrir árið 2010:

Fjárlagaerindi Samkeppniseftirlitsins fyrir árið 2010 fylgdi ítarleg greining á verkefnum Samkeppniseftirlitsins við breyttar aðstæður í atvinnulífinu, *Verkefni og rekstur Samkeppniseftirlitsins á árinu 2010*. Byggði skýrslan á viðbragðs- og aðgerðaáætlun sem eftirlitið vann skömmu eftir bankahrunið.

Í skýrslunni er fjallað um nauðsynlegar aðgerðir Samkeppniseftirlitsins, hvaða áhrif breyttar aðstæður hafi haft á verkefni eftirlitsins og mikilvægi þess að halda í og laða að hæft starfsfólk.

Þá er vakin athygli á því að ríkið hefur hingað til ekki borið neinn kostnað af samkeppniseftirliti, enda séu samanlagðar stjórnvaldssektir sem greiddar hafa verið í ríkissjóð ríflega 1,3 milljörðum króna hærri en samanlagðar fjárheimildir til samkeppnisyfivalda frá gildistöku samkeppnislaga.

Með skýrslunni og fjárlagaerindi stofnunarinnar fyrir árið 2010 var sett fram ítarlega rökstudd tilgáta um að fjárheimildir hennar yrðu hækkaðar um 90 m.kr. Bent var á leiðir til tekjuöflunar til að standa undir hækkuninni að hluta. Jafnframt var gerð grein fyrir áhrifum 10% lækkunar á fjárheimildum.

Í frumvarpi til fjárlaga var ekki orðið við ósk eftirlitsins. Gert var ráð fyrir lækkun á fjárheimildum stofnunarinnar. Fjárveiting til Samkeppniseftirlitsins yrði því 285 m.kr., sem jafngildir 30,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum ársins 2009.

Í þinglegri meðferð fjárlagafrumvarpsins hefur komið fram vilji til þess að afla Samkeppniseftirlitinu sértekna, einkum með því að hefja gjaldtöku vegna samrunatilkynninga.



# Yfirlit yfir starfsemi

Hér á eftir eru reifaðar ákvarðanir Samkeppnis-eftirlitsins sem birtar hafa verið á heimasíðu þess á árunum 2008 og 2009. Ennfremur eru reifaðir úrskurðir áfrýjunarnefndar samkeppnismála og dómar sem fallið hafa á sama tímabili.

## Ákvarðanir 2009

Íhlutun	Samruni Kaupþings banka og Arion banka hf.
	<b>Númer máls:</b> 49/2009
	<b>Efni máls</b> Samrunamál
	Samkeppniseftirlitið taldi að samkeppnislegt sjálfstæði Arion banka kynni að vera skert með samrunanum ekki hvað síst í ljósi þess að sú staða gæti komið upp að sömu kröfuhafar yrðu áberandi beggja megin, þ.e. hjá Kaupþingi annars vegar og Glitni hins vegar. Kæmi sú staða upp gæti hún raskað samkeppni. Voru samrunanum sett skilyrði í framhaldi af viðræðum við aðila málsins, í því skyni að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði Arion banka.

Íhlutun	Yfirtaka Glitnis banka hf. á Íslandsbanka hf.
	<b>Númer máls:</b> 48/2009
	<b>Efni máls</b> Samrunamál
	Samkeppniseftirlitið taldi að samkeppnislegt sjálfstæði Íslandsbanka kynni að vera skert með samrunanum ekki hvað síst í ljósi þess að sú staða gæti komið upp að sömu kröfuhafar yrðu áberandi beggja megin, þ.e. hjá Glitni annars vegar og Kaupþingi banka hins vegar. Kæmi sú staða upp gæti hún raskað samkeppni. Voru samrunanum sett skilyrði í framhaldi af viðræðum við aðila málsins, í því skyni að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði Íslandsbanka.

Íhlutun	Ósk Verðlagsnefndar leigubifreiðastjóra á BSR, Bifreiðastöð Reykjavíkur, um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga vegna sameiginlegs hámarksökutaxta fyrir leigubifreiðastjóra stöðvarinnar
	<b>Númer máls:</b> 47/2009
	<b>Efni máls</b> Undanþágur
	Samkeppniseftirlitið veitti Eimskipi Ísland ehf. og Samskipum hf. undanþágu til samstarfs um sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku. Þar sem flutningsmagn hefur dregist mikið saman undanfarin ár í flutningum til og frá Norður-Ameríku og þá sérstaklega frá hrúni íslensku viðskiptabankanna ákvað Samkeppniseftirlitið að veita umbeðna undanþágu. Er undanþágan tímabundin og gildir til ársloka ársins 2010.

Íhlutun	Ósk Hf. Eimskipafélags Íslands og Samskipa hf. um undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga fyrir samstarfi í sjóflutningum á milli Íslands og Norður-Ameríku
	<b>Númer máls:</b> 46/2009
	<b>Efni máls</b> Undanþágur
	Samkeppniseftirlitið hefur veitt Hf. Eimskipafélagi Íslands og Samskipum hf. undanþágu til samstarfs um sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku. Þar sem flutningsmagn hefur dregist mikið saman undanfarin ár í flutningum til og frá Norður-Ameríku og þá sérstaklega frá hrúni íslensku viðskiptabankanna hefur Samkeppniseftirlitið ákveðið að veita umbeðna undanþágu. Er undanþágan tímabundin og gildir til ársloka 2010.

Íhlutun	Ósk bifreiðastöðvarinnar Hreyfils um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til að gefa út sameiginlegan ökutaxta fyrir leigubifreiðar sem aka undir merki stöðvarinnar
	<b>Númer máls:</b> 45/2009
	<b>Efni máls</b> Undanþágur
	Samkeppniseftirlitið veitti heimild til bifreiðastöðvarinnar Hreyfils til að gefa út hámarksökutaxta fyrir bifreiðastjóra sem reka leigubifreiðar með afgreiðslu hjá Hreyfli.

Ekki íhlutun	Lok síðara sölutímabils vegna sölu á útgáfuréttindum og birgðum bóka sem kveðið er á um í ákvörðun nr. 8/2008, Samruni JPV útgáfu ehf. og Vegamóta ehf.
	<b>Númer máls:</b> 44/2009
	<b>Efni máls</b> Samrunamál
	Í ákvörðun nr. 8/2008 fjallaði Samkeppniseftirlitið um samruna JPV útgáfu og Vegamóta ehf. og taldi að hann gæti verið skaðlegur samkeppni. Samkeppniseftirlitið setti því skilyrði fyrir samrunanum sem m.a. lutu að sölu hins sameinaða félags á tilteknum útgáfuréttindum og birgðum bóka. Var kveðið á um tvö sölutímabil til að selja þessar eigur, hið fyrra og hið síðara og skyldi hinu síðara ljúka í árslok 2009. Kveðið var á um að Samkeppniseftirlitið gæti, ef nauðsynlegt væri talið, framlengt síðara sölutímabilið. Í ljósi efnahagsástandsins og með hliðsjón af tiltölulega dræmum viðbrögðum bókaútgefenda við sölutilraunum taldi Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að framlengja síðara sölutímabilið. Þau hegðunarskilyrði sem samrunanum voru sett að öðru leyti í ákvörðun nr. 8/2008 standa óhöggðu.

Ekki íhlutun	Kvörtun vegna sölumæðferðar á IP-fjarskiptum ehf.
	<b>Númer máls:</b> 43/2009
	<b>Efni máls</b> Annað
	Medine-Lux S.à.r.l. kvartaði yfir sölumæðferð á Tali. Hafði fyrirtækið lagt fram sölutilboð í Tal og verið hafnað af hálfu Teymis. Taldi félagið að þetta færi í bága við ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2009. Í forsendum ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins kom fram að Teymi hefði verið heimilt að láta sölutilraunir Tals bíða þar til fullnægjandi rekstrarupplýsingar lægju fyrir, að teknu tilliti til þeirra fresta sem eru í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2009. Þá var ekki véfengd sú staðhæfing Teymis að félagið hefði ekki haft upplýsingar um verðmat á hlutum í Tali. Var því ekki talið að Teymi hefði brotið gegn skilyrðum ákvörðunar nr. 27/2009. Var því ekki talin ástæða til aðhafast frekar vegna kvörtunar Medine-Lux S.à.r.l.

Ekki íhlutun	Kaup Orkusölnunar ehf. á hluta starfsemi Orkuveitu Húsavíkur ehf.
	<b>Númer máls:</b> 42/2009
	<b>Efni máls</b> Samrunamál
	Samkeppniseftirlitinu var tilkynnt um kaup Orkusölnunar ehf. á afmarkaðri starfsemi Orkuveitu Húsavíkur ehf. með tilkynningu dags. 23. nóvember 2009. Í kaupunum fólst að Orkusalan tók yfir raforkusölu Orkuveitu Húsavíkur. Samkeppniseftirlitið taldi samrunann ekki þess eðlis að ástæða væri til þess að aðhafast.

Íhlutun	Brot Símans hf. á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2005, Samruni Landssíma Íslands hf. og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf.
	<b>Númer máls:</b> 41/2009
	<b>Efni máls:</b> Brot á fyrri ákvörðun
	Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði gerst brotlegur við skilyrði sem eftirlitið setti honum í fyrri ákvörðun og þannig raskað með alvarlegum hætti samkeppni frá minni keppinautum. Samkeppniseftirlitið lagði 150 m.kr. sekt á Símann.

Ekki íhlutun	Samruni Kaupfélags Skagfirðinga svf. og Mjólku ehf./Eyjabú ehf. með síðari breytingum
	<b>Númer máls:</b> 40/2009
	<b>Efni máls</b> Samrunamál
	Samkeppniseftirlitið taldi samrunann andstæðan markmiðum samkeppnislaga. Samruninn féll hins vegar ekki undir gildissvið samkeppnislaga vegna undanþáguákvæðis búvörlaga og því skorti lagaheimild til að grípa til íhlutunar. Samkeppniseftirlitið beindi aftur á móti álit til landbúnaðarráðherra, sbr. álit nr. 1/2009, Skaðleg samþjöppun í mjólkuriðnaði og áhrif búvörlaga á samkeppni, þar sem því er beint til ráðherra að samkeppnishamlandi ákvæðum búvörlaga verði breytt þannig að samkeppni fái þrífist í mjólkuriðnaði til hagsbóta fyrir bændur og neytendur.



# Ákvarðanir 2009 *framhald*

Ekki íhlutun	<b>Samruni Kaupfélags Skagfirðinga svf. (Torfgarðs ehf.), Íslenskrar vörupróunar ehf. og Vogabæjar ehf.</b>
<b>Númer máls:</b> 39/2009	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni samkvæmt þeim viðmiðum sem felast í 17. gr. c samkeppnislaga og taldi því ekki ástæðu til að hafast frekar að vegna samrunans.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Ekki íhlutun	<b>Kaup Reykjanesbæjar á hlutafé í HS veitum hf.</b>
<b>Númer máls:</b> 38/2009	Reykjanesbær eignaðist ráðandi hlut í HS Veitum. HS Veitur hafa með höndum dreifingu á heitu og köldu vatni ásamt dreifingu raforku á ákveðnum landsvæðum.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	Reykjanesbær er sveitarfélag. Taldi Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans.

Íhlutun	<b>Brot Eignarhaldsfélagsins Fengs hf. á ákvæði 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005, með síðari breytingum</b>
<b>Númer máls:</b> 37/2009	Með sátt gekkst Eignarhaldsfélagið Fegur hf. við því að hafa brotið gegn banni samkeppnislaga með því að hafa framkvæmt samruna félagsins og Ferðaskrifstofu Íslands ehf., áður en um hann var tilkynnt til Samkeppniseftirlitsins og áður en eftirlitið hafði fjallað um hann. Var félaginu gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 10 m.kr.
<b>Efni máls:</b> Brot á banni við framkvæmd samruna	

Ekki íhlutun	<b>Samruni Eignarhaldsfélagsins Fengs hf. og Ferðaskrifstofu Íslands ehf.</b>
<b>Númer máls:</b> 36/2009	Eignarhaldsfélagið Fegur hf. yfirtók allt hlutafé í Ferðaskrifstofu Íslands ehf. Taldi Samkeppniseftirlitið ekki forsendur til að aðhafast vegna samrunans.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Íhlutun	<b>Kvörtun Átaks Heilsuræktar ehf. vegna leigu Akureyrarbæjar á húsnæði til Vaxtarræktarinnar ehf.</b>
<b>Númer máls:</b> 35/2009	Samkeppniseftirlitið beindi þeim fyrirmælum til Akureyrarbæjar að bjóða út til leigu húsnæði í Íþróttahöllinni á Akureyri sem Vaxtarræktin ehf. leigir nú, við lok núgildandi leigutímabils eða fyrr, verði leigusamningi sagt upp fyrir þann tíma. Taldi Samkeppniseftirlitið þá niðurstöðu eðlilega með hliðsjón af fyrra álit samkeppnisráðs nr. 3/2001, óljósra svara Akureyrarbæjar um kostnaðarverðsfor sendur leiguupphæðar, auk óvissu um mögulegan áframhaldandi rekstur Vaxtarræktarinnar í núverandi húsnæði.
<b>Efni máls:</b> Opinberar samkeppnishömlur	

Ekki íhlutun	<b>Samruni eignarhaldsfélagsins Vestia ehf. og Teymis hf.</b>
<b>Númer máls:</b> 34/2009	Samkeppniseftirlitið taldi að yfirtaka Vestia ehf. á Teymi hf. raskaði ekki samkeppni samkvæmt þeim viðmiðum sem felast í 17. gr. c samkeppnislaga og því ekki ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Íhlutun	<b>Samruni Íslandsbanka hf. og Icelandair Group hf.</b>
<b>Númer máls:</b> 33/2009	Samkeppniseftirlitið taldi að yfirtaka Íslandsbanka á 42% hlut í Icelandair Group hf. gæti að óbreyttu raskað samkeppni með umtalsverðum hætti, þrátt fyrir að samrunaaðilar séu ekki keppinautar í meginstarfsemi sinni. Samkeppniseftirlitið samþykkti framangreindan samruna með skilyrðum sem koma eiga í veg fyrir þau samkeppnislegu vandkvæði sem af samrunanum kunna að hljóta.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Ekki íhlutun	<b>Kaup NBI hf. á Parlogis hf.</b>
<b>Númer máls:</b> 32/2009	NBI hf. (sem í almennu tali er kallaður Landsbankinn, þ.e. nýi Landsbankinn) leysti til sín allt hlutafé í Parlogis hf. frá þrotabúi DM ehf. Taldi Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að aðhafast vegna samrunans.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Ekki íhlutun	<b>Yfirtaka Sparisjóðabanka Íslands hf. á Kælitækni ehf.</b>
<b>Númer máls:</b> 31/2009	Sparisjóðabanki Íslands hf. hefur yfirtekið allt hlutafé í Kælitækni ehf. Taldi Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að aðhafast vegna samrunans.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Íhlutun	<b>Samruni Geysis Green Energy og HS Orku</b>
<b>Númer máls:</b> 30/2009	Í kjölfar kaupa Geysis Green Energy ehf. á 34% hlutafjár í HS orku hf. áttu sér stað viðræður milli Samkeppniseftirlitsins og samrunaaðila sem leiddi til þess að samrunaaðilar gengust undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Í sáttinni fólust skilyrði sem samrunaaðilar féllust á að gangast undir.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Ekki íhlutun	<b>Kaup Landsbanka Íslands hf. og Yucaipa American Alliance fjárfestingasjóðanna á hlut í L1003 ehf.</b>
<b>Númer máls:</b> 29/2009	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og því var ákveðið að aðhafast ekki frekar.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Ekki íhlutun	<b>Yfirtaka Straums Burðaráss fjárfestingabanka hf. á LS Retail ehf.</b>
<b>Númer máls:</b> 28/2009	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og því var ákveðið að aðhafast ekki frekar.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Íhlutun	<b>Brot á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2008, Samruni Teymis hf. og IP-fjárskipta ehf., og 10. gr. samkeppnislaga</b>
<b>Númer máls:</b> 27/2009	Samkeppniseftirlitið tók bráðabirgðaákvörðun til að tryggja sjálfstæði Tals gagnvart Vodafone, á meðan rannsókn á samruna Teymis hf. og IP-fjárskipta ehf. stóð yfir. Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Teymi og Vodafone hefðu brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga og skilyrðum ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2008 með samstilltum aðgerðum og samkomulagi við Tal sem miðaði að því að draga úr samkeppnislegu sjálfstæði Tals. Voru ákvæðin talin til þess fallin að draga úr samkeppni á markaði. Teymi var gert að greiða 70 m.kr. í stjórnvaldssekt vegna brotanna. Jafnframt var mælt fyrir um að Teymi seldi frá sér eignarhlut sinn í Tali innan tiltekinna tímamarka.
<b>Efni máls:</b> Ólögmaett samráð og brot á fyrir ákvörðun	

Ekki íhlutun	<b>Samruni Betri tíma ehf. og þb. BT Verslana ehf.</b>
<b>Númer máls:</b> 26/2009	Samkeppniseftirlitið taldi að samrunatilkynning vegna kaupa Betri tíma ehf. á eignum þrotabús BT Verslana ehf. fullnægði skilyrðum samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna. Eftirlitið taldi ekki forsendur til þess að aðhafast frekar vegna samrunans.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

# Ákvarðanir 2009 *framhald*

Ekki íhlutun	
<b>Krafa um fjárhagslegan aðskilnað Borgarbyggðar á rekstri tjaldsvæðis</b>	
<b>Númer máls:</b> 25/2009	Samkeppniseftirlitið taldi að sveitarfélögum væri heimilt að afmarka tjaldsvæði til að fólk geti fengið notið útivistar, að því tilskildu að tjaldsvæði byði aðeins upp á lágmarksþjónustu. Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að ekki væru forsendur til íhlutunar Samkeppniseftirlitsins í málinu þar sem á tjaldsvæði Borgarbyggðar í Borgarnesi væri eingöngu í boði sú lágmarksþjónusta sem ferðamenn geri kröfu um í dag.

Ekki íhlutun	
<b>Kaup NBI hf. á 35% hlut í Bílaumboðinu Öskju ehf.</b>	
<b>Númer máls:</b> 24/2009	Samkeppniseftirlitið taldi að samrunatilkynning félaganna fullnægði skilyrðum samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu skv. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga vegna samruna. Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til þess að aðhafast frekar vegna samrunans.

Íhlutun	
<b>Brot Senu ehf. á samrunareglum samkeppnislaga</b>	
<b>Númer máls:</b> 23/2009	Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Sena ehf. hefði brotið gegn banni samkeppnislaga við því að samruni kæmi til framkvæmda áður en eftirlitið hefði heimilað hann. Var lögð 15 m.kr. sekt á Senu vegna þessa.

Íhlutun	
<b>Brot Haga hf. á samrunareglum samkeppnislaga</b>	
<b>Númer máls:</b> 22/2009	Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Hagar hf. hefðu brotið gegn banni samkeppnislaga við því að samruni kæmi til framkvæmda áður en eftirlitið hefði heimilað hann. Var lögð 20 m.kr. sekt á Haga vegna þessa.

Ekki íhlutun	
<b>Kvörtun Hugarflugs ehf. vegna meintrar mismununar Strætó bs. á útgáfumarkaði leiðakorta</b>	
<b>Númer máls:</b> 21/2009	Það var mat Samkeppniseftirlitsins að ekki væru forsendur til að aðhafast á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga, enda komu ekki fram gögn í málinu sem sýndu að Strætó hefði mismunað aðilum á markaði fyrir útgáfu leiðakorta fyrir erlenda ferðamenn.

Ekki íhlutun	
<b>Samruni Haga hf. og BT Verslana ehf.</b>	
<b>Númer máls:</b> 20/2009	Samkeppniseftirlitið ákvað að ekkert yrði aðhafst vegna tilkynnts samruna þar sem samruni sá sem tilkynntur var stofnuninni gekk til baka.

Ekki íhlutun	
<b>Samruni Kaupfélags Skagfirðinga svf. og Tengils eignarhaldsfélags ehf.</b>	
<b>Númer máls:</b> 19/2009	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni fullnægði skilyrðum samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	Samkeppniseftirlitið taldi ekki forsendur til þess að aðhafast vegna samrunans.

Ekki íhlutun	
<b>Samruni Þórsmerkur ehf. og Árvakurs hf.</b>	
<b>Númer máls:</b> 18/2009	Samkeppniseftirlitið taldi samrunatilkynningu félaganna fullnægja skilyrðum samkeppnislaga og reglna. Samkeppniseftirlitið taldi ekki forsendur til þess að aðhafast frekar vegna samrunans.

Ekki íhlutun	
<b>Beiðni Landsbankans um breytingu á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008</b>	
<b>Númer máls:</b> 17/2009	Landsbanki Íslands hf. óskaði eftir endurskoðun á skilyrðum ákvörðunar nr. 4/2008, Brot Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorts hf. og Fjölgreiðslumiðlunar hf. á bannákvæðum samkeppnislaga, með síðari breytingum, sbr. ákvörðun 34/2008, en sú ákvörðun kom í veg fyrir að starfsmenn og stjórnarmenn Landsbankans gætu setið í stjórn Valitors Holding og tengdra félaga. Samkeppniseftirlitið taldi ekki forsendur til að breyta skilyrðum ákvörðunar 4/2008.
<b>Efni máls:</b> Annað	

Íhlutun	
<b>Undanþága vegna samræmdrar beitingar greiðsluerfiðleikaúrræða er varða fasteignaveðlán einstaklinga</b>	
<b>Númer máls:</b> 16/2009	Samkeppniseftirlitið veitti viðskiptabönkum, sparisjóðum, lífeyrissjóðum og Íbúðalánasjóði heimild til samræmdrar beitingar greiðsluerfiðleikaúrræða vegna einstaklinga með fasteignaveðlán. Ákvörðunin laut annars vegar að samkomulagi fyrirtækja á fjármálamarkaði, félags- og tryggingamálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis, um samræmda beitingu greiðsluerfiðleikaúrræða, og hins vegar samkomulagi um beitingu greiðsluþjófunar gengistryggðra fasteignaveðlána til einstaklinga.
<b>Efni máls:</b> Undanþágur	

Íhlutun	
<b>Kaup Myndforms ehf. á 50% hlut í Þrjúbíói ehf. af Senu ehf.</b>	
<b>Númer máls:</b> 15/2009	Samkeppniseftirlitið ógilti tilkynntan samruna á þeim forsendum að hann myndi styrkja sameiginlega markaðsráðandi stöðu kvikmyndahúsanna Þriggja á höfuðborgarsvæðinu og vera til þess fallinn að valda neytendum samkeppnislegu tjóni. Á meðan á rekstri málsins stóð komu fram óskir af hálfu Senu um að heimila samrunann með skilyrðum í stað þess að ógilda hann. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins var að þau myndu ekki duga til að eyða skaðlegum samkeppnislegum áhrifum samrunans.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Íhlutun	
<b>Misnotkun Véla og verkfæra á markaðsráðandi stöðu</b>	
<b>Númer máls:</b> 14/2009	Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að fyrirtækið Vélar og verkfæri hefði misnotað markaðsráðandi stöðu við sölu á efni til að framleiða höfuðlyklakerfi og þar með brotið gegn ákvæði 11. gr. samkeppnislaga.
<b>Efni máls:</b> Misnotkun á markaðs-ráðandi stöðu	Samkeppniseftirlitið taldi að brot fyrirtækisins væri alvarlegt og var fyrirtækinu gert að greiða 15 m.kr. í stjórnvaldssekt.

Ekki íhlutun	
<b>Samruni Glitnis banka hf. og Moderna Finance AB</b>	
<b>Númer máls:</b> 13/2009	Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til að aðhafast vegna samrunans.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Íhlutun	
<b>Samruni Senu ehf. og Skífunnar ehf.</b>	
<b>Númer máls:</b> 12/2009	Samkeppniseftirlitið samþykkti samruna Senu ehf. og Skífunnar ehf. að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Samruninn fól í sér kaup Senu ehf. á 100% hluta-fjár Skífunnar ehf. Á meðan á rannsókn málsins stóð var tilkynnt um breytingar á eignarhaldi Senu. Viðræður við nýja eigendur Senu ehf. leiddu í kjölfarið til þess að samrunaaðilar gengust undir sátt í málinu. Samkeppniseftirlitið taldi að nýtt eignarhald hefði falið í sér töluverðar og jákvæðar breytingar á forsendum samrunans eins og hann var upphaflega tilkynntur eftirlitinu. Væru þau kaup, auk þeirra skilyrða sem samrunanum voru sett, til þess fallin að skapa skilyrði fyrir virkari samkeppni á viðkomandi mörkuðum og eyða þeim skaðlegu samkeppnislegu áhrifum sem samruninn hefði að óbreyttu haft í för með sér. Skilyrðin fela fyrst og fremst í sér að sú skylda er lögð á Senu að Skífan verði seld til ótengds aðila.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	



# Ákvarðanir 2009 *framhald*

Ekki íhlutun		
<b>Fjárhagslegur aðskilnaður hjá Landbúnaðarháskóla Íslands</b>		
<b>Númer máls:</b> 11/2009		Lögð var inn kvörtun vegna samkeppnisrekstrar Landbúnaðarháskóla Íslands
<b>Efni máls:</b> Opinberar samkeppnishömlur		(LbhÍ) samhliða starfsemi sem njóti verndar ríkisins. Samkeppniseftirlitið taldi ekki tilefni til bindandi íhlutunar í málinu en beindi þeim tilmælum til LbhÍ að huga að því að allur kostnaður sem til félli vegna aðstoðar við bændur og snjómokstur væri lagður til grundvallar við verðlagningu slíkrar starfsemi.

Ekki íhlutun		
<b>Yfirtaka Nýja Kaupþings banka hf. á hluta Pennans ehf.</b>		
<b>Númer máls:</b> 10/2009		Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til að aðhafast vegna samrunans.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál		

Íhlutun		
<b>Brot Bændasamtaka Íslands á banni samkeppnislaga við verðsamráði</b>		
<b>Númer máls:</b> 9/2009		Bændasamtök Íslands brutu gegn banni við ólögmeðu samráði með aðgerðum sem miðuðu að því að hækka verð á búvörum sem ekki lúta opinberri verðlagningu.
<b>Efni máls:</b> Ólögmeitt samráð		Var samtökunum gert að greiða 10 m.kr. stjórnvaldssekt. Brotið var síðar staðfest í áfrýjunarnefnd en sektir lækkaðar í 7 m.kr.

Íhlutun		
<b>Aðgerðir til þess að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði IP-fjarskipta ehf.</b>		
<b>Númer máls:</b> 8/2009		Samkeppniseftirlitið tók bráðabirgðaákvörðun sem m.a. kvað á um að fulltrúar Teymis skyldu víkja úr stjórn Tals. Þá var jafnframt mælt fyrir um að Samkeppniseftirlitið skyldi skipa óháða fulltrúa í stað þeirra í stjórn Tals.
<b>Efni máls:</b> Ólögmeitt samráð og brot á fyrri ákvörðun		

Ekki íhlutun		
<b>Kaup Nýja Kaupþings banka hf. á Hafrahlíð ehf.</b>		
<b>Númer máls:</b> 7/2009		Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samruna Nýja Kaupþings banka hf. og Hafrahlíðar ehf. Dótturfélög Hafrahlíðar, Hekla ehf. og Hekla fasteignir ehf., komust með samrunanum undir yfirráð Nýja Kaupþings. Af samrunatilkynningu mátti ráða að ekki hefði verið stofnað til yfirráða Kaupþings á öðrum keppinautum á viðkomandi mörkuðum.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál		

Íhlutun		
<b>Samruni Árvakurs hf., Fréttablaðsins ehf. og Pósthússins ehf.</b>		
<b>Númer máls:</b> 6/2009		Það var niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samruninn hefði falið í sér mjög alvarlegar samkeppnishömlur á mörkuðunum fyrir útgáfu dagblaða, auglýsingar í dagblöðum, dreifingu dagblaða og prentun dagblaða. Hefðu samkeppnishömlurnar fyrst og fremst falist í því að markaðsráðandi staða eða einokun myndaðist á öllum mörkuðum málsins, enda hefðu tveir meginkeppinautarnir á viðkomandi mörkuðum sameinast. Ítarlegar tilraunir voru gerðar til þess að ljúka málinu með setningu skilyrða en án árangurs. Sökum þessa ógilti Samkeppniseftirlitið samrunann á grundvelli 17. gr. c samkeppnislaga.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál		

Íhlutun		
<b>Brot Félags íslenskra stórkaupmanna á 12., sbr. 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005</b>		
<b>Númer máls:</b> 5/2009		Félag íslenskra stórkaupmanna (FÍS) gerði sátt við Samkeppniseftirlitið þar sem félagið viðurkenndi að innan félagsins hefðu átt sér stað umræður um verðlagsmálefni aðildarfyrirtækja sem störfuðu á sviði matvöru, bæði á vettvangi stjórnar og innan matvöruhóps sem starfaði á vegum FÍS. Að sama skapi hafi fyrrverandi framkvæmdastjóri félagsins rætt um hækkunarþörf félagsmanna sinna á opinberum vettvangi sem hafi verið til þess fallið að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Jafnframt hafi átt sér stað samskipti við Samtök verslunar og þjónustu (SVP) um að félagin myndu tala einni röddu um ástæður umræddra verðhækkana. FÍS viðurkenndi að hafa farið gegn samkeppnislögum að þessu leyti. Samkvæmt sáttinni var FÍS gert að greiða 1 m.kr. í stjórnvaldssekt.
<b>Efni máls:</b> Ólögmeitt samráð		

Íhlutun		
<b>Dagsektir vegna brota Teymis hf. á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til bráðabirgða nr. 1/2009</b>		
<b>Númer máls:</b> 4/2009		Með bráðabirgðaákvörðun nr. 1/2009 mælti Samkeppniseftirlitið fyrir um að fulltrúar Teymis í stjórn Tals skyldu víkja úr stjórninni og í stað þeirra skyldu skipaðir tveir óháðir einstaklingar, tilnefndir af Samkeppniseftirlitinu. Taldi Samkeppniseftirlitið að Teymi hefði brotið gegn fyrrnefndri bráðabirgðaákvörðun. Í því skyni að knýja á um efnidir framangreindra fyrrmæla tók Samkeppniseftirlitið ákvörðun um álagningu dagsekta vegna vanrækslu Teymis. Skyldi Teymi greiða 3 m.kr. á dag þar til bráðabirgðaákvörðuninni hefði verið framfylgt.
<b>Efni máls:</b> Brot á bráðabirgðaákvörðun		

Íhlutun		
<b>Kaup Valitors hf. á öllu hlutafé í Euro Refund Group North á Íslandi ehf.</b>		
<b>Númer máls:</b> 3/2009		Samkeppniseftirlitið ógilti samrunann á þeim forsendum að þeir markaðir sem mál þetta tók til séu nátengdir, enda er um að ræða helstu markaði sem við koma greiðslukortastarfsemi, þ.e. útgáfa greiðslukorta og færsluhirðing, posaleiga, gjaldeyrisumsnúningur og endurgreiðsla virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál		

Ekki íhlutun		
<b>Samruni Nýja Kaupþings banka hf. og Exista Properties ehf. og kaup á tilteknum fasteignum Landic Íslands ehf.</b>		
<b>Númer máls:</b> 2/2009		Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og taldi eftirlitið því ekki ástæðu til aðhafast frekar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. c samkeppnislaga.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál		

Íhlutun		
<b>Meint brot Símans hf. með tilboði í 3G netlykil og áskrift</b>		
<b>Númer máls:</b> 2/2009		Samkeppniseftirlitið lagði bann til bráðabirgða við tilboði Símans sem kallast „3G netlykill og áskrift fyrir 0 kr. í allt sumar“ á meðan rannsókn eftirlitsins á kæru Nova ehf. vegna tilboðsins stóð yfir. Tilboðið þótti til þess fallið að skaða samkeppni á viðkvæmum, nýlegum markaði þar sem Nova, yngsti keppinauturinn á fjarskiptamarkaði, hafði verið að ná nokkurri fótfestu.
<b>Efni máls:</b> Misnotkun á markaðs-ráðandi stöðu		

Íhlutun		
<b>Erindi Auðkennis hf. um framlengingu á undanþágu á grundvelli ákvæðis 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, með síðari breytingum, vegna samstarfs banka og sparisjóða um öryggisbúnað í bankaþjónustu</b>		
<b>Númer máls:</b> 1/2009		Samkeppniseftirlitið framlengdi undanþágu Auðkennis hf., á grundvelli ákvæðis 15. gr. samkeppnislaga, frá ákvörðun nr. 50/2006 vegna samstarfs banka og sparisjóða vegna kaupa, uppsetningar og reksturs á svokölluðum Todos-öryggisbúnaði í netbankaþjónustu.
<b>Efni máls:</b> Undanþágur		

Íhlutun		
<b>Meint brot Teymis hf., Og fjarskipta ehf. og IP-fjarskipta ehf. á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2008 og ákvæðum samkeppnislaga</b>		
<b>Númer máls:</b> 1/2009		Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Teymi, Vodafone og Tal hefðu sennilega brotið gegn ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2008, Samruni Teymis hf. og IP-fjarskipta ehf., og ákvæði 10. gr. samkeppnislaga með því að hafa komist að samkomulagi um að Tal ætti að beina sjónum sínum að yngri markhópum og stunda ekki samkeppni gagnvart Vodafone. Þá taldi Samkeppniseftirlitið að sennilegt væri að tiltekin ákvæði í sýndarnettssamningi Tals og Vodafone um aðgang Tals að farsímaneti Vodafone væru til að tryggja hagsmuni Vodafone og Teymis sem var andstætt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2008. Samkeppniseftirlitið taldi sennilegt að fulltrúar Teymis hefðu beitt sér gegn samkeppnislegu sjálfstæði Tals og því var nauðsynlegt að gera breytingar á stjórn Tals. Því var mælt fyrir um að fulltrúar Teymis í stjórn Tals vikju og í stað þeirra skyldu skipaðir tveir óháðir einstaklingar sem tilnefndir yrðu af Samkeppniseftirlitinu. Þá voru tiltekin ákvæði í samningi Tals og Vodafone um aðgang Tals að farsímaneti Vodafone lýst ógild á þeim grundvelli að þau væru andstæð ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2008 og ákvæði 10. gr. samkeppnislaga.
<b>Efni máls:</b> Ólögmeitt samráð og brot á fyrri ákvörðun		

# Ákvarðanir 2008

Íhlutun	<b>Misnotkun Haga hf. á markaðsráðandi stöðu á matvörumarkaði</b>
<b>Númer máls:</b> 64/2008	Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Hagar (sem reka m.a. verslunar-keðjuna Bónus) hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína með aðgerðum sem beindust gegn keppinautum félagsins á matvörumarkaði. Taldi Samkeppniseftirlitið að brot Haga á 11. gr. samkeppnislaga hefði verið alvarlegt og til þess fallið að valda atvinnulífínu og almenningi miklu samkeppnislegu tjóni.
<b>Efni máls:</b> Misnotkun á markaðs-ráðandi stöðu	

Íhlutun	<b>Fjárhagslegur aðskilnaður Vísindagarða Háskóla Íslands ehf.</b>
<b>Númer máls:</b> 63/2008	Af gögnum málsins var að mati Samkeppniseftirlitsins ljóst að um bókhaldslegan aðskilnað væri að ræða á milli Vísindagarða, sem stunda rekstur sem er í samkeppni við einkaaðila, og Háskóla Íslands, sem nýtur opinberra fjárframlaga. Samkeppniseftirlitinu þótti samt sem áður rétt að mæla fyrir um þá skyldu með vísan til samkeppnislaga og beina tilteknum fyrirmælum til Vísindagarða.
<b>Efni máls:</b> Opinberar samkeppnishömlur	

Íhlutun	<b>Ósk Valitors hf. um undanþágu fyrir samræmt milligjald í kortaviðskiptum</b>
<b>Númer máls:</b> 62/2008	Samkeppniseftirlitið hafnaði ósk Valitors hf. um undanþágu frá banni samkeppnislaga við verðsamráði til að ákvarða og setja samræmt milligjald á innanlandsmarkaði fyrir kreditkortaviðskipti. Byggði niðurstaðan á því að Valitor hefði ekki tekist að sýna fram á með fullnægjandi hætti að öll skilyrði 15. gr. samkeppnislaga væru uppfyllt.
<b>Efni máls:</b> Undanþágur	

Íhlutun	<b>Ósk um undanþágu frá ákvæði samkeppnislaga um bann við samstarfi keppinauta vegna samnings Capacent ehf., Ríkisútvarpsins ohf., 365 miðla ehf. og Skjásins miðla ehf. um rafrænar mælingar á fjölmiðlanotkun</b>
<b>Númer máls:</b> 61/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að samstarf Capacent ehf., Ríkisútvarpsins ohf., 365 miðla ehf. og Skjásins miðla ehf. um rafrænar mælingar á hlustun og áhorf á útvarps- og sjónvarpsrásir aðila með svokölluðum farmælum raskaði samkeppni með þeim hætti að færi gegn 10. gr. samkeppnislaga, einkum á markaðnum fyrir fjölmiðlamælingar. Samkeppniseftirlitið ákvað þó að veita samstarfinu tímabundna undanþágu en batt veitingu undanþágunnar skilyrðum.
<b>Efni máls:</b> Undanþágur	

Íhlutun	<b>Samruni Bílaumboðsins Öskju ehf. og Ræsis hf.</b>
<b>Númer máls:</b> 60/2008	Þann 4. september 2008 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning vegna kaupa Bílaumboðsins Öskju ehf. (Öskju) á lausafé (aðallega vélum og tækjum) af Ræsi hf. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaupin í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt. Viðræður Samkeppniseftirlitsins við samrunaaðila leiddu til sáttar í málinu á grundvelli samkeppnislaga og reglna um málsmeðferð samkeppnisyrivalda. Sáttin fól í sér skilyrði sem að mati Samkeppniseftirlitsins voru til þess fallin að eyða þeim samkeppnislegu vandamálum sem ella hefðu skapast með kaupunum.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Íhlutun	<b>Aðild Landssamtaka lífeyrissjóða að samkomulagi fjármálafyrirtækja um skilmála-breytingu fasteignaveðlána vegna greiðsluáðlögunar</b>
<b>Númer máls:</b> 59/2008	Samkeppniseftirlitið veitti undanþágu frá samráðsbanni samkeppnislaga. Tilefni undanþágunnar voru lög sem samþykkt voru á Alþingi 19. nóvember 2008 nr. 133/2008 um breytingu á lögum nr. 63/1985, um greiðsluþjófnum fasteignaveðlána til einstaklinga, með síðari breytingum. Voru löginn sett til þess að koma til móts við þá sem kynnu að lenda í greiðsluferfiðleikum sökum aðstæðna sem ríktu í íslensku efnahagslífi. Fólu löginn í sér að viðskiptavinir allra viðurkenndra lánastofnana sem voru með verðtryggt fasteignalán gætu óskað eftir greiðsluþjófnum lána sinna teldu þeir það henta.
<b>Efni máls:</b> Undanþágur	

Íhlutun	<b>Samkomulag fjármálafyrirtækja um skilmálabreytingu fasteignaveðlána vegna greiðsluáðlögunar</b>
<b>Númer máls:</b> 58/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að skilyrðum fyrir því að undanþága væri veitt frá samráðsbanni samkeppnislaga væri fullnægt.
<b>Efni máls:</b> Undanþágur	

Ekki íhlutun	<b>Kaup Gámaþjónustunnar hf. og Furu ehf. á hlutum í Efnamóttökunni hf.</b>
<b>Númer máls:</b> 57/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og taldi því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Ekki íhlutun	<b>Samruni VST-Rafteikningar hf., Fjarhitunar hf., Fjölhönnunar ehf. og RT ehf.</b>
<b>Númer máls:</b> 56/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og taldi því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Ekki íhlutun	<b>Samruni Saxbygg ehf. og Eikarhalds ehf.</b>
<b>Númer máls:</b> 55/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og taldi því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Ekki íhlutun	<b>Samruni Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbær-Colas hf. og Tak-malbik ehf.</b>
<b>Númer máls:</b> 54/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og taldi því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. c samkeppnislaga.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Íhlutun	<b>Ósk A-Stöðvarinnar, leigubifreiðastöðvar, um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til að gefa út sameiginlegan ökutaxta fyrir leigubifreiðar sem aka á vegum stöðvarinnar</b>
<b>Númer máls:</b> 53/2008	Samkeppniseftirlitið veitti heimild til leigubifreiðastöðvarinnar A-stöðvarinnar til að gefa út hámarksökutaxta fyrir bifreiðastjóra sem reka leigubifreiðar með afgreiðslu hjá A-stöðinni. Heimildin var veitt til eins og hálfis árs og bundin tilteknum skilyrðum. Ákvörðunin kom í framhaldi af ákvörðun nr. 49/2007 þar sem Aðalstöðinni (nú A-stöðinni) var veitt sambærileg heimild.
<b>Efni máls:</b> Undanþágur	

Ekki íhlutun	<b>Samruni Kaupþings banka hf. og Sparisjóðs Mýrasýslu</b>
<b>Númer máls:</b> 51/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að um styrkingu á sameiginlega markaðsráðandi stöðu stóru viðskiptabankanna þriggja væri að ræða. Samruninn raskaði því samkeppni, en ekki voru forsendur til íhlutunar vegna bágrar fjárhagsstöðu sparisjóðsins.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Ekki íhlutun	<b>Samruni Kaupþings banka hf. og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.</b>
<b>Númer máls:</b> 50/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að um styrkingu á sameiginlega markaðsráðandi stöðu stóru viðskiptabankanna þriggja væri að ræða. Samruninn raskaði því samkeppni, en ekki voru forsendur til íhlutunar vegna bágrar fjárhagsstöðu sparisjóðsins.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Ekki íhlutun	<b>Krafa Félags íslenskra stórkaupmanna um fjárhagslegan aðskilnað hjá Bóksölu stúdenta á milli annars vegar sölu á almennum markaði og hins vegar sölu til námsmanna</b>
<b>Númer máls:</b> 49/2008	Félag íslenskra stórkaupmanna – FÍS krafðist fjárhagslegs aðskilnaðar hjá Bóksölu stúdenta milli annars vegar sölu á almennum markaði og hins vegar sölu til námsmanna. Samkeppniseftirlitið taldi ekki lagaskilyrði til íhlutunar í málinu og ekki ástæður til frekari afskipta stofnunarinnar af því.
<b>Efni máls:</b> Opinberar samkeppnishömlur	



# Ákvarðanir 2008 *framhald*

Íhlutun	<b>Dagsektir vegna vanrækslu Byrs sparisjóðs á afhendingu upplýsinga</b>
<b>Númer máls:</b> 48/2008	Vegna rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á samruna SPRON og Kaupþings var óskað eftir margvíslegum upplýsingum frá ýmsum aðilum, m.a. Byr sparisjóði. Upplýsingarnar bárust ekki Samkeppniseftirlitinu þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir. Taldi Samkeppniseftirlitið því nauðsynlegt að leggja dagsektir á Byr sparisjóð þar til gögnin bárust.
<b>Efni máls:</b> Brot á upplýsingaskyldu	

Íhlutun	<b>Ósk Bifreiðastöðvarinnar Hreyfils um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til að gefa út sameiginlegan ökutaxta fyrir leigubifreiðar sem aka á vegum stöðvarinnar</b>
<b>Númer máls:</b> 47/2008	Samkeppniseftirlitið veitti heimild til leigubifreiðastöðvarinnar Hreyfils til að gefa út hámarksökutaxta fyrir bifreiðastjóra sem reka leigubifreiðar með afgreiðslu hjá Hreyfli. Heimildin var veitt til eins og hálfis árs og bundin tilteknum skilyrðum. Ákvörðunin kom í framhaldi af ákvörðun nr. 23/2006 og ákvörðun nr. 34/2007 þar sem Hreyfli var veitt sambærileg heimild.
<b>Efni máls:</b> Undanþágur	

Ekki íhlutun	<b>Yfirtaka á rekstri Hjalls fasteignafélags ehf. og eignum Agns fasteignafélags ehf.</b>
<b>Númer máls:</b> 46/2008	Þann 18. júlí 2008 barst Samkeppniseftirlitinu styttri tilkynning. Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til að aðhafast vegna yfirtöku dótturfélaga Glitnis banka hf. á rekstri Hjalls fasteignafélags ehf. og eignum Agns fasteignafélags ehf..
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Ekki íhlutun	<b>Eignarhald Stoða Eignarhaldsfélags hf. (áður FL Group) í Landic Property ehf. og Þyrpingu hf.</b>
<b>Númer máls:</b> 45/2008	Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samruna Stoða hf. og Landsafls ehf. annars vegar og samruna Eikarhalds ehf. og Fasteignafélagsins Eikar ehf. hins vegar.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Íhlutun	<b>Ákvörðun um dagsektir vegna vanrækslu Miðbæjarhótelis ehf. á afhendingu gagna og upplýsinga</b>
<b>Númer máls:</b> 44/2008	Samkeppniseftirlitið óskaði eftir gögnum frá fjölmörgum aðilum á ferðaþjónustumarkaði, þ.á m. vegna meints samráðs á hótelmarkaði í andstöðu við 10. gr. samkeppnislaga. Miðbæjarhótel ehf. var einn þeirra aðila er Samkeppniseftirlitið óskaði eftir gögnum frá. Þrátt fyrir að Samkeppniseftirlitið hefði ítrekað óskað eftir tilteknum gögnum frá hótelinu barst eftirlitinu ekki svar við gagnabeiðnin. Var fyrirtækinu gert að greiða 150.000 kr. á dag þar til gagna- og upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins yrði svarað með fullnægjandi hætti.
<b>Efni máls:</b> Brot á upplýsingaskyldu	

Ekki íhlutun	<b>Kaup KEA eigna svf. á Sparisjóði Höfðhverfinga</b>
<b>Númer máls:</b> 43/2008	Í kjölfar fréttar sem birtist á heimasíðu KEA um kaup félagsins á stofnfé Sparisjóðs Höfðhverfinga óskaði Samkeppniseftirlitið eftir því að KEA tilkynnti um samrunann með fullnægjandi hætti. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins benti ekki til þess að röskun yrði á samkeppni vegna samrunans og að því væri ekki tilefni til þess að aðhafast vegna hans.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Ekki íhlutun	<b>Samruni Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. og Rafteikningar hf.</b>
<b>Númer máls:</b> 42/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og taldi því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Ekki íhlutun	<b>Meint brot Global Refund á Íslandi ehf. á 11. gr. samkeppnislaga</b>
<b>Númer máls:</b> 41/2008	Samkeppniseftirlitinu barst kvörtun frá Tax Free á Íslandi ehf. vegna meintrar misnotkunar Global Refund á Íslandi ehf. á markaðsráðandi stöðu sinni. Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til að aðhafast frekar í málinu.
<b>Efni máls:</b> Misnotkun á markaðsráðandi stöðu	

Ekki íhlutun	<b>Samruni Línuhönnunar hf., Verkfræðistofunnar Afls hf. og Raftæknistofunnar hf.</b>
<b>Númer máls:</b> 40/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og taldi því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Ekki íhlutun	<b>Samruni Línuhönnunar hf. og Verkfræðistofu Suðurlands ehf.</b>
<b>Númer máls:</b> 39/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og taldi því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Ekki íhlutun	<b>Samruni VGK-Hönnunar hf. og Rafhönnunar hf.</b>
<b>Númer máls:</b> 38/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og taldi því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Íhlutun	<b>Brot Geysis Green Energy á 17. og 19. gr. samkeppnislaga</b>
<b>Númer máls:</b> 37/2008	Á meðan rannsókn stóð yfir á kaupum Geysis Green Energy (GGE) á öllu hlutafé Jarðborana urðu verulegar breytingar á forsendum samrunans vegna samruna GGE við Reykjavík Energy Invest (REI). Var Samkeppniseftirlitinu ekki tilkynnt þar um og því síður var stofnuninni gerð fullnægjandi grein fyrir því þegar fallið var frá samruna GGE og REI. Í kjölfar þessara breytinga svaraði GGE ekki gagnaósk Samkeppniseftirlitsins innan tilskilins frests. Samkeppniseftirlitið lagði 500.000 kr. sekt á GGE vegna þessara brota.
<b>Efni máls:</b> Brot á upplýsingaskyldu	

Íhlutun	<b>Samruni Teymis hf. og IP-fjarskipta ehf.</b>
<b>Númer máls:</b> 36/2008	Samkeppniseftirlitið samþykkti kaup IP-fjarskipta ehf. á öllu hlutafé í Ódýra símafélaginu ehf. og síðan kaup Teymis hf. á 51% hlutafjár í IP-fjarskiptum ehf., eftir að sátt var gerð í málinu við Teymi hf. og IP-fjarskipti ehf. um setningu skilyrða sem ætlað er að tryggja að full óskoruð samkeppni ríki á milli Vodafone og IP-fjarskipta ehf. (Tals).
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Ekki íhlutun	<b>Samruni Sundagarða hf. og Borgarnes Kjötvara ehf.</b>
<b>Númer máls:</b> 35/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og því væri ekki ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

Íhlutun	<b>Breyting á ákvörðunarorðum í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008</b>
<b>Númer máls:</b> 34/2008	Valitor Holding hf. óskaði eftir breytingu á ákvörðunarorðum í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008 þannig að einum eða fleiri starfsmönnum eða stjórnarmönnum Kaupþings banka hf. sé heimilt að sitja í stjórn félagsins og í stjórnnum dótturfélaga þess. Samkeppniseftirlitið breytti 1. gr. í ákvörðunarorðunum í umræddri ákvörðun.
<b>Efni máls:</b> Annað	

Ekki íhlutun	<b>Kaup Kaupþings banka hf. og nokkurra sparisjóða á Keldum eignarhaldsfélagi ehf.</b>
<b>Númer máls:</b> 33/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og taldi því ekki tilefni til þess að aðhafast vegna hans.
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	

# Ákvarðanir 2008 *framhald*

Íhlutun
---------

## Brot Sundagarða ehf. á tilkynningarskyldu um samruna

**Númer máls:** 32/2008  
**Efni máls:** Brot á tilkynningarskyldu

Samkeppniseftirlitið lagði fyrir Sundagarða hf. að tilkynna til eftirlitsins kaup félagsins á öllu hlutafé Sparisjóðs Mýrarsýslu í Borgarnes Kjöttvörum ehf. Fullnægjandi samrunatilkynning barst Samkeppniseftirlitinu rúmum tveimur mánuðum eftir að tilkynningarskyldan hófst. Með því höfðu Sundagarðar brotið gegn tilkynningarskyldu um samruna og gert að greiða 750.000 kr. í sekt.

Ekki íhlutun
--------------

## Endurupptaka hluta ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 9/2005. Framhaldsrannsókn vegna erindis Harðar Einarssonar hrl. um meintar samkeppnishömlur í samþykktum lífeyrissjóða

**Númer máls:** 31/2008  
**Efni máls:** Ólögmaett samráð

Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að rekstrarsamningar milli tiltekinnna lífeyrissjóða og rekstraraðila þeirra, sem og samþykktir sjóðanna, færu ekki í bága við ákvæði 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið taldi að á milli Frjálsa lífeyrissjóðsins og Kaupþings annars vegar og Íslenska lífeyrissjóðsins og Landsbanka Íslands hins vegar væru mikil efnahagsleg og stjórnunarleg tengsl og því væri um að ræða eina efnahagslega einingu í skilningi samkeppnislaga. Aftur á móti var talið að ekki væru sambærileg tengsl á milli Almenna lífeyrissjóðsins og Glitnis.

Ekki íhlutun
--------------

## Kaup Sparisjóðs Keflavíkur á Sparisjóði Þórshafnar

**Númer máls:** 30/2008  
**Efni máls:** Samrunamál

Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og því ekki tilefni til þess að aðhafast vegna hans.

Ekki íhlutun
--------------

## Kaup Geysis Green Energy á Jarðborunum

**Númer máls:** 29/2008  
**Efni máls:** Samrunamál

Efnisleg rannsókn á áhrifum samruna Geysis Green Energy hf. og Jarðborana hf. leiddi ekki í ljós nein samkeppnisleg vandkvæði, svo ekki var tilefni til íhlutunar Samkeppniseftirlitsins.

Ekki íhlutun
--------------

## Samruni FL Group og Tryggingamiðstöðvarinnar

**Númer máls:** 28/2008  
**Efni máls:** Samrunamál

Samkeppniseftirlitið taldi að samrunaskrá FL Group hf. og Tryggingamiðstöðvarinnar hf. væri ófullnægjandi, fyrst og fremst þar sem ekki væri með fullnægjandi hætti gerð grein fyrir yfirlitum yfir félaginu, og tilkynnti aðilum þar um. Aðilar kærðu niðurstöðuna til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Áfrýjunarnefndin vísaði frá kæru FL Group og í kjölfarið bárust upplýsingar frá FL Group. Athugun Samkeppniseftirlitsins benti ekki til þess að samruninn hefði skapað aðgangshindranir að viðkomandi mörkuðum né að samkeppnisleg staða keppnauta skertist við samrunann.

Íhlutun
---------

## Kvörtun Frostfisks ehf. yfir viðskiptaháttum fiskmarkaða

**Númer máls:** 27/2008  
**Efni máls:** Misnotkun á markaðs-ráðandi stöðu

Samkeppniseftirlitið taldi að Fiskmarkaður Íslands hf. og Reiknistofa fiskmarkaða hf., áður Íslandsmarkaður hf., misnotuðu markaðsráðandi stöðu sína og brytu þannig gegn 11. gr. samkeppnislaga. Fiskmarkaði Íslands hf. var gert að greiða 10 m.kr. stjórnvaldssekt.

Ekki íhlutun
--------------

## Kaup Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf. á hlut af rekstri Bako ehf.

**Númer máls:** 26/2008  
**Efni máls:** Samrunamál

Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og taldi því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.

Ekki íhlutun
--------------

## Kaup Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf. á öllu hlutafé í einkahlutafélaginu Sól ehf.

**Númer máls:** 25/2008  
**Efni máls:** Samrunamál

Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og taldi því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.

Ekki íhlutun
--------------

## Kaup Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf. á rekstri Samsöluvara ehf.

**Númer máls:** 24/2008  
**Efni máls:** Ólögmaett samráð

Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og taldi því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.

Íhlutun
---------

## Kaup Orkuveitu Reykjavíkur á hlut í Hitaveitu Suðurnesja

**Númer máls:** 23/2008  
**Efni máls:** Ólögmaett samráð

Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að eignarhald Orkuveitu Reykjavíkur (OR) á stórum hlut í Hitaveitu Suðurnesja (HS), öflugum keppnauti sínum, myndi hafa skaðleg áhrif á samkeppni og mælti fyrir um að OR seldi af eignarhlut sínum þannig að félagið ætti ekki meira en 3% af heildarhlutafé í HS.

Ekki íhlutun
--------------

## Kaup BNT ehf. á helmingshlut í Bevís ehf.

**Númer máls:** 22/2008  
**Efni máls:** Samrunamál

Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og taldi því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.

Ekki íhlutun
--------------

## Kaup Exista hf. á öllu hlutafé í Skiptum hf.

**Númer máls:** 21/2008  
**Efni máls:** Samrunamál

Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna tilkynnts samruna.

Íhlutun
---------

## Ósk um undanþágu frá ákvæði samkeppnislaga um bann við samstarfi keppnauta vegna samstarfs viðskiptabankanna í gegnum Frumtak GP ehf. og Frumtak slhf.

**Númer máls:** 20/2008  
**Efni máls:** Undanþágu

Frumtak GP ehf. og Frumtak slhf. óskuðu eftir því að samstarfi viðskiptabankanna Glitnis banka hf., Kaupþings banka hf. og Landsbanka Íslands hf. um áhættu-fjárfestingar í sprotafyrirtækjum í gegnum samlagshlutafélagið Frumtak yrði veitt undanþága frá bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið taldi að samstarfið væri til þess fallið að raska samkeppni. Samkeppniseftirlitið ákvað þó að veita samstarfinu tímabundna undanþágu en setti undanþágunni skilyrði sem samstarfsaðilarnir samþykktu að gangast undir.

Ekki íhlutun
--------------

## Samruni Nýherja hf. og TM Software

**Númer máls:** 18/2008  
**Efni máls:** Samrunamál

Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og því væri ekki ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans.

Íhlutun
---------

## Samruni Reynimels ehf. og Kynnisferða ehf.

**Númer máls:** 17/2008  
**Efni máls:** Samrunamál

Samkeppniseftirlitið ógilti samruna Reynimels ehf. og Kynnisferða ehf. eins og hann var tilkynntur upphaflega. Eftirlitinu barst síðan ný tilkynning um kaup Reynimels á Kynnisferðum en með breyttu eignarhaldi. Samkeppniseftirlitið taldi að þrátt fyrir þessar breytingar á eignarhaldi hefði samruninn eftir sem áður skaðleg áhrif á samkeppni. Málinu lauk með sátt þar sem sett voru skilyrði til þess að eyða þeim samkeppnislegu vandamálum sem ella hefðu skapast með samrunanum. Var samruninn samþykktur með skilyrðum þessum.

Ekki íhlutun
--------------

## Kaup Teymis á Kerfislausnum

**Númer máls:** 16/2008  
**Efni máls:** Samrunamál

Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og taldi því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.



## Ákvarðanir 2008 *framhald*

Ekki íhlutun		
<b>Samruni Opinna kerfa ehf. og Titans upplýsingatækni ehf.</b>		
<b>Númer máls:</b> 15/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og taldi	
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.	

Ekki íhlutun		
<b>Samruni Garma ehf. og Sorphreinsunar Vilhelms Harðarsonar ehf.</b>		
<b>Númer máls:</b> 14/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og taldi	
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.	

Ekki íhlutun		
<b>Samruni Vesturbjargs ehf. við Gámaþjónustu Vestfjarða ehf. og Gámaþjónustu Vesturbyggðar ehf.</b>		
<b>Númer máls:</b> 13/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og taldi	
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.	

Ekki íhlutun		
<b>Samruni Pennans ehf. og Islandia og Viking Craft hf.</b>		
<b>Númer máls:</b> 12/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og taldi	
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.	

Ekki íhlutun		
<b>Samruni Pennans ehf. og Smára ehf.</b>		
<b>Númer máls:</b> 11/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og taldi	
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.	

Íhlutun		
<b>Brot Samtaka iðnaðarins og Samtaka verslunar og þjónustu á samkeppnislögum í tengslum við lækkun á virðisaukaskatti á matvörum</b>		
<b>Númer máls:</b> 10/2008	Samtök iðnaðarins (SI) og Samtök verslunar og þjónustu (SVP) viðurkenndu	
<b>Efni máls:</b> Ólögmaett samráð	að hafa haft um það samvinnu hvernig fyrirtæki innan vébanda samtakanna stóðu að verðbreytingum á forverðmerktum matvælum, í tengslum við lækkun á virðisaukaskatti úr 14% í 7% og afnám vörugjalda. Samtökin tóku fram að ásetningur hefði ekki staðið til þess að hindra samkeppni, einungis að skila verðlækkunum til neytenda. Sátt var gerð í málinu. Samkvæmt sáttunum féllst SI á að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 2,5 m.kr. og SVP féllst á að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 1,0 m.kr.	

Ekki íhlutun		
<b>Samruni JK Fjárfestinga ehf., MK Fjárfestinga ehf., Eico ehf., Tarra ehf., A4-skrifstofu-vara ehf. og Fálkamýrar ehf.</b>		
<b>Númer máls:</b> 9/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni og taldi	
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.	

Íhlutun		
<b>Samruni JPV útgáfu ehf. og Vegamóta ehf.</b>		
<b>Númer máls:</b> 8/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni gæti verið skaðlegur	
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	samkeppni. Viðræður við samrunaaðila leiddu til þess að gengist var undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. a samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyrivalda nr. 880/2005. Sáttin fól í sér 21 tölusett skilyrði sem að mati Samkeppniseftirlitsins þóttu nægjanleg til þess að eyða þeim samkeppnislegu vandamálum sem ella hefðu skapast með samrunanum. Var samruninn samþykktur með skilyrðum þessum.	

Ekki íhlutun		
<b>Samruni Eignarhaldsfélagsins Sævarhöfða ehf. og Bifreiða og Landbúnaðarvéla ehf.</b>		
<b>Númer máls:</b> 7/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni	
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	og taldi því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.	

Íhlutun		
<b>Kvörtun vegna samkeppni Alþjóðahúss við þýðingarstofur og sjálfstætt starfandi þýðendur</b>		
<b>Númer máls:</b> 6/2008	Samkeppniseftirlitið mælti fyrir um að Alþjóðahúsið ehf. skildi fjárhagslega á	
<b>Efni máls:</b> Opinberar samkeppnishömlur	milli annars vegar rekstrar túlka- og þýðingarþjónustu Alþjóðahúss og hins vegar annarrar starfsemi Alþjóðahúss. Túlka- og þýðingarþjónusta Alþjóðahúss, sem nýtur opinberra fjárframlaga, starfaði í samkeppni við þýðingarstofur og sjálfstætt starfandi þýðendur á almennum markaði. Samkeppniseftirlitið taldi að að óbreyttu raskaði það samkeppni á almennum markaði túlka- og þýðingarþjónustu.	

Íhlutun		
<b>Kaup Kaupþings banka hf. á helmingi hlutafjár í Einkaklúbbnum ehf.</b>		
<b>Númer máls:</b> 5/2008	Samkeppniseftirlitinu var tilkynnt um kaup Kaupþings banka hf. á 49% hlutafjár í Einkaklúbbnum ehf. (nú Ekort ehf.). Um er að ræða breytingu í yfirráðum af því tagi sem felur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Nokkur samkeppnisleg vandamál fólust í samrunanum og varð niðurstaðan sú að honum yrðu sett skilyrði. Samkeppniseftirlitið taldi skilyrðin nægjanleg til þess að eyða þeim samkeppnislegu vandamálum sem ella hefðu skapast með samruna þessum. Var samruninn samþykktur með þessu fororði.	

Íhlutun		
<b>Brot Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorts hf. og Fjölgreiðslumiðlunar hf. á bannákvæðum samkeppnislaga</b>		
<b>Númer máls:</b> 4/2008	Samkeppniseftirlitsins gerðu Greiðslumiðlun hf. (nú Valitor),	
<b>Efni máls:</b> Ólögmaett samráð og misnotkun á markaðs-ráðandi stöðu	Kreditkort hf. (nú Borgun) og Fjölgreiðslumiðlun hf. sátt við Samkeppniseftirlitið. Í sáttum þessum fólst að Greiðslumiðlun viðurkenndi að hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína með aðgerðum sem beindust að nýjum keppinauti (PBS/Kortþjónustunni). Greiðslumiðlun og Kreditkort viðurkenndu að hafa haft með sér langvarandi og víðtækt ólögmaett samráð, sem Fjölgreiðslumiðlun tók að hluta til þátt í því. Fjölgreiðslumiðlun viðurkenndi einnig hafa brotið gegn banni samkeppnislaga við samkeppnishömlum samtaka fyrirtækja. Fyrirtækin féllust á að greiða stjórnvaldssektir vegna þessa og breyta starfsemi sinni og háttsemi á markaði. Sekt Greiðslumiðlunar var 385 m.kr., sekt Kreditkorts 185 m.kr. og sekt Fjölgreiðslumiðlunar 165 m.kr.	

Íhlutun		
<b>Brot Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorts hf. og Fjölgreiðslumiðlunar hf. á bannákvæðum samkeppnislaga</b>		
<b>Númer máls:</b> 4/2008	Samkeppniseftirlitsins gerðu Greiðslumiðlun hf. (nú Valitor),	
<b>Efni máls:</b> Ólögmaett samráð og misnotkun á markaðs-ráðandi stöðu	Kreditkort hf. (nú Borgun) og Fjölgreiðslumiðlun hf. sátt við Samkeppniseftirlitið. Í sáttum þessum fólst að Greiðslumiðlun viðurkenndi að hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína með aðgerðum sem beindust að nýjum keppinauti (PBS/Kortþjónustunni). Greiðslumiðlun og Kreditkort viðurkenndu að hafa haft með sér langvarandi og víðtækt ólögmaett samráð, sem Fjölgreiðslumiðlun tók að hluta til þátt í því. Fjölgreiðslumiðlun viðurkenndi einnig hafa brotið gegn banni samkeppnislaga við samkeppnishömlum samtaka fyrirtækja. Fyrirtækin féllust á að greiða stjórnvaldssektir vegna þessa og breyta starfsemi sinni og háttsemi á markaði. Sekt Greiðslumiðlunar var 385 m.kr., sekt Kreditkorts 185 m.kr. og sekt Fjölgreiðslumiðlunar 165 m.kr.	

Íhlutun		
<b>Brot Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorts hf. og Fjölgreiðslumiðlunar hf. á bannákvæðum samkeppnislaga</b>		
<b>Númer máls:</b> 4/2008	Samkeppniseftirlitsins gerðu Greiðslumiðlun hf. (nú Valitor),	
<b>Efni máls:</b> Ólögmaett samráð og misnotkun á markaðs-ráðandi stöðu	Kreditkort hf. (nú Borgun) og Fjölgreiðslumiðlun hf. sátt við Samkeppniseftirlitið. Í sáttum þessum fólst að Greiðslumiðlun viðurkenndi að hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína með aðgerðum sem beindust að nýjum keppinauti (PBS/Kortþjónustunni). Greiðslumiðlun og Kreditkort viðurkenndu að hafa haft með sér langvarandi og víðtækt ólögmaett samráð, sem Fjölgreiðslumiðlun tók að hluta til þátt í því. Fjölgreiðslumiðlun viðurkenndi einnig hafa brotið gegn banni samkeppnislaga við samkeppnishömlum samtaka fyrirtækja. Fyrirtækin féllust á að greiða stjórnvaldssektir vegna þessa og breyta starfsemi sinni og háttsemi á markaði. Sekt Greiðslumiðlunar var 385 m.kr., sekt Kreditkorts 185 m.kr. og sekt Fjölgreiðslumiðlunar 165 m.kr.	

Ekki íhlutun		
<b>Kaup Brimborgar ehf. á Vélalandi ehf.</b>		
<b>Númer máls:</b> 3/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni	
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	og taldi því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.	

Ekki íhlutun		
<b>Kaup Sparisjóðs Keflavíkur á Sparisjóði Vestfirðinga</b>		
<b>Númer máls:</b> 2/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni	
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	og taldi því ekki tilefni til að aðhafast vegna samrunans.	

Íhlutun		
<b>Kaup Sparisjóðs Keflavíkur á Sparisjóði Húnaþings og Stranda</b>		
<b>Númer máls:</b> 1/2008	Samkeppniseftirlitið taldi að hinn tilkynnti samruni raskaði ekki samkeppni	
<b>Efni máls:</b> Samrunamál	og taldi því ekki tilefni til að aðhafast vegna samrunans.	

# Álit 2009

## Opinber útboð, samkeppni og samkeppnishindranir

Númer máls: 4/2009

Í álitinu er því beint því til opinberra aðila að fylgjast markvisst með því að farið sé að samkeppnislögum við framkvæmd útboða. Álitinu fylgir gátlisti sem auðvelda á útboðsaðilum að koma auga á ólöglegt samráð. Jafnframt er því beint til opinberra aðila að útboðum verði beitt þegar því verður við komið. Að mati Samkeppniseftirlitsins er þetta mikilvægt til þess að efla samkeppni og bæta nýtingu þeirra fjármuna sem varið er í opinber innkaup á vöru, þjónustu og verklegum framkvæmdum. Þá eru sveitarfélög sérstaklega hvött til þess að beita útboðum við kaup á vörum og þjónustu. Í álitinu kemur fram að opinber útboð geta skilað miklum árangri. Vísað er til norrænna skýrsla um opinber útboð. Ljóst er að mati Samkeppniseftirlitsins að um verulegar upphæðir er að ræða við opinber innkaup á Íslandi og því mikilvægt að viðhafa opinber útboð til að nýta krafta samkeppninnar. Þá er vísað til þess í álitinu að dæmi eru um að fyrirtæki hafi reynt að hafa áhrif á útboð með ólöglegum hætti. Því er mjög mikilvægt er að stemma stigu við ólöglegu samráði og öðrum samkeppnishömlum í útboðum.

## Skipulag, lóðaúthlutanir og samkeppni

Númer máls 3/2009

Í álitinu Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2009, Skipulag, lóðaúthlutanir og samkeppni, beinir Samkeppniseftirlitið því til umhverfisráðherra að beita sér fyrir breytingum á ákvæðum skipulags- og byggingarlaga til að tryggja að horft sé til samkeppnissjónarmiða við skipulag og úthlutun lóða. Jafnframt beinir Samkeppniseftirlitið því til sveitarfélaga á Íslandi að hafa átta meginreglur til hliðsjónar við skipulagsmál og úthlutun lóða. Í þeim er m.a. mælt til að lagt sé samkeppnislegt mat á skipulag hverfa, að úthlutun lóða fari fram með útboði eða öðrum gagnsæjum hætti, að gerðar verði ráðstafanir til þess að ný eða smærri fyrirtæki fái lóðir fyrir atvinnustarfsemi sína og að sveitarfélög beiti sér gegn samkeppnishamlandi kvöðum í lóðarleigusamningum. Í álitinu kemur fram að yfirvöld hafi ekki markað sér skýra stefnu um áhrif samkeppnissjónarmiða á gerð og framkvæmd skipulagsáætlana og við einstakar lóðaúthlutanir sveitarfélaga. Reynslan sýnir að það getur haft töluverð áhrif á samkeppnisaðstæður hvernig skipulagsmálum og lóðaúthlutunum er háttað, sbr. t.d. umfjöllun skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2008, Öflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnulífs.

## Samkeppnismat stjórnvalda

Númer máls: 2/2009

Í álitinu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2009, Samkeppnismat stjórnvalda, beinir Samkeppniseftirlitið því til forsætisráðherra að stuðla að því að stjórnvöldum verði gert skylt að framkvæma staðlað samkeppnismat í tengslum við undirbúning að setningu laga og stjórnvaldsfyrirmæla.

Markmið samkeppnismats er að fá opinbera aðila til að meta með sjálfstæðum hætti hvaða áhrif tiltekin reglusetning hefur á samkeppnismarkaði. Í álitinu kemur m.a. fram að erlend ríki sem og OECD hafa sett fram slíkt samkeppnismat og hvatt til notkunar á því. Þá er bent á að í áætlun forsætisráðuneytisins um Einfaldara Ísland hafi komi fram sjónarmið varðandi undirbúning löggjafar og reglusetningu sem rími vel við samkeppnismat. Tillögur Samkeppniseftirlitsins gera ráð fyrir einfaldri aðferð við samkeppnismat. Þannig eru notaðar fjórar grundvallarspurningar sem skera eiga úr um það hvort ítarlegra samkeppnismat þurfi að fara fram. Ef þess er þörf eru sex stöðluð atriði sem þarf að skoða nánar. Með því að samkeppnismat sé staðlað og einfalt eru meiri líkur á því að stjórnvöld nýti sér kosti þess. Þá telur Samkeppniseftirlitið mikilvægt að við endurskoðun á Handbók um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa verði bætt við sérstökum kafla um samkeppnismat.

## Skaðleg samþjöppun í mjólkuriðnaði og áhrif búvörulaga á samkeppni

Númer máls: 1/2009

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 40/2009 var komist að þeirri niður-stöðu að samruni Kaupfélags Skagfirðinga svf. og Mjólkur ehf./Eyjabú ehf. samræmdist ekki markmiðum samkeppnislaga en vegna ákvæða í búvörulögum skorti Samkeppniseftirlitið lagaheimild til að grípa til íhlutunar. Í álitinu Samkeppniseftirlitsins er þeim tilmælum beint til landbúnaðarráðherra að hann beiti sér fyrir afnámi ákvæðis í búvörulögum sem heimilar afurðastöðvum í mjólkuriðnaði að hafa með sér samráð og sameinast án afskipta samkeppnisyrvalda. Að sama skapi að skoðaðar verði leiðir til að koma á samkeppni aftur á þessu sviði, m.a. með setningu lagaákvæða sem feli í sér heimild til að skipta upp mjólkurafurðastöðvum. Í álitinu eru ennfremur gerðar athugasemdir við verklag landbúnaðarráðuneytisins við undirbúning lagafrumvarpa þar sem ekki hafi verið gætt að því að allir hagsmunaaðilar á markaði hafi fengið sama tækifæri til að koma að sjónarmiðum sínum við undirbúning lagafrumvarpa.

# Álit 2008

## Samkeppnishömlur sem stafa af stöðu og háttsemi Ríkisútvarpsins á markaði fyrir sölu auglýsinga í ljósvakamiðlum

Númer máls: 4/2008

Með lögum nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf. voru gerðar ýmsar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi og starfsemi Ríkisútvarpsins (RÚV). Í álitinu Samkeppniseftirlitsins var m.a. vikið að því að allt frá upphafi sjónvarpsreksturs árið 1966 hafi verið leyfðar auglýsingar í sjónvarpi RÚV og stofnunin haft af þeim tekjur. Sú ráðstöfun hafi ætíð verið umdeild. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins á háttsemi RÚV sýndi að félagið hefði með tilboðum sínum í ríkum mæli vikið frá gjaldskrá sinni um auglýsingar sem gæti leitt til ógagnsæis í verðlagningu RÚV á auglýsingum og kostun auk þess sem slík tilboð gætu leitt til samkeppnishamlandi undirboða af hálfu RÚV. Auk þeirrar samkeppnislegu mismununar sem ríki á markaði fyrir sölu auglýsinga og kostun í útvarpi hafi RÚV gengið enn lengra í krafti þess ríkisstyrks sem það nýtur með því að fara framhjá þeim reglum sem því hafa verið settar varðandi verðlagningu á umræddum markaði. Með lögum nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf. hafi verið skapaðar umtalsverðar samkeppnishömlur með því fyrirkomulagi að veita RÚV tekjur af almannafé jafnframt því að heimila fyrirtækinu að starfa áfram á markaði fyrir sölu auglýsinga og kostun í útvarpi. Samkeppniseftirlitið telur að þátttaka RÚV á auglýsingamarkaði í sjónvarpi sé veigamikil ástæða þess að ekki séu fleiri öflugar sjónvarpsstöðvar hér á landi en raun ber vitni og eignarhald þeirra ekki dreifðara.

## Ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum

Númer máls: 3/2008

Í álitinu Samkeppniseftirlitsins er m.a. vikið að fjármálhremmingunum sem íslenskur fjármálamarkaður lenti í síðla árs 2008 og rekstrarvanda íslenskra fyrirtækja. Bent var á að hjá stjórnendum nýrra banka lægi viðtækt ákvörðunarvald um framvindu atvinnulífs. Vildi Samkeppniseftirlitið beina því til viðskiptabanka í eigu ríkisins að við ákvarðanir sem áhrif gætu haft á framtíð fyrirtækja og samkeppni á Íslandi væri höfð hliðsjón af meginreglum sem drög voru lögð að í álitinu.



## Úthlutun ríkisstyrks til áætlunarflugs milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur

**Númer máls:** 2/2008

Forsaga málsins er sú að eftir að Landsflug hf. hætti áætlunarflugi milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur þann 25. september 2006 fól samgönguráðherra Vegagerðinni að semja við Flugfélag Íslands hf. um að halda úti tímabundnu áætlunarflugi á flugleiðinni. Gengið var frá samningnum þann 11. október 2006 og hófst flug samkvæmt honum 15. október 2006. Um var að ræða samning sem gilda átti í a.m.k. 10 mánuði en á þeim tíma var gert ráð fyrir að unnið yrði að formlegu útboði á flugleiðinni.

Ákvörðun um veitingu styrksins fór þannig fram að rætt var við valda aðila en þeir voru Flugfélag Íslands, Landsflug og Flugfélagið Ernir ehf. Ekkert samband var haft við Flugfélag Vestmannaeyja í tengslum við þessar aðgerðir hins opinbera, þrátt fyrir að félagið hafi á þessum tíma verið sá aðili sem flutti flesta farþega í flugi til Vestmannaeyja en félagið hefur annast áætlunarflug milli Vestmannaeyja og Bakkaflugvallar auk leiguflugs milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Jafnframt er upplýst að Flugfélag Vestmannaeyja hafi á þessum tíma haft til skoðunar að hefja áætlunarflug milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja. Taldi ráðuneytið að félagið gæti ekki uppfyllt skilyrði Vegagerðarinnar um flugvélakost. Að mati Flugfélags Vestmannaeyja hefur ríkisstyrkur til Flugfélags Íslands valdið Flugfélagi Vestmannaeyja tjóni.

Í álit Samkeppniseftirlitsins kemur fram að Flugfélag Vestmannaeyja hafi hagsmuni af því hvernig flugi á milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur sé háttað. Samkeppniseftirlitið telur það ekki málefnalegt eða í samræmi við góða samkeppnishætti að leita ekki til Flugfélags Vestmannaeyja þegar Vegagerðin ákvað að gera samning til skamms tíma um ríkisstyrkt flug milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur haustið 2006. Unnt var að halda til haga kröfum sem Vegagerðin gerði til umrædds flugs, s.s. varðandi stærð og fleira sem lýtur að flugvélakosti og þjónustu, án þess að útiloka keppinaut á flugmarkaðnum fyrirfram frá ferlinu. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að Vegagerðinni í umboði samgönguráðuneytisins hafi borið að gefa Flugfélagi Vestmannaeyja tækifæri til að gera tilboð í hið ríkisstyrkta flug ásamt þeim sem til var leitað eða að öðrum kosti að bjóða það út í samræmi við reglur. Með vinnubrögðum ráðuneytisins í þessu máli var unnið gegn mögulegri innkomu nýs aðila í flugi milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja.

## Fóðurtollar á fóðurlöndum

**Númer máls:** 1/2008

Í álitinu beindi Samkeppniseftirlitið þeim tilmælum til landbúnaðarráðherra að hann beitti sér fyrir því að afnema tolla á fóðurlöndum.

Mikil fákeppni ríkir á markaði fyrir framleiðslu og sölu á fóðri fyrir jórturdýr, svín og alifugla á Íslandi. Um árabíl hafa einungis verið tvö fyrirtæki á Íslandi sem framleiða og selja fóður. Með innflutningi á fóðurlöndum er unnt að veita innlendum framleiðendum samkeppnislegt aðhald. Samkvæmt reglugerð var hins vegar lagður tollur á innfluttar fóðurlöndur, 3,90 kr. á hvert kg. Taldi Samkeppniseftirlitið þennan toll vinna gegn innkomu nýrra keppinauta sem áhuga hefðu á að selja tilbúnar fóðurlöndur á innlendum fóðurmarkaði.

Í álit Samkeppniseftirlitsins er vikið að því að fóðurtollar séu til þess fallnir að vernda innlenda fóðurframleiðendur og viðhalda samkeppnishamlandi fákeppni á fóðurmarkaðnum. Fór tollurinn því gegn markmiðum samkeppnislaga. Að mati Samkeppniseftirlitsins myndi afnám fóðurtollsins stuðla að aukinni samkeppni á fóðurmarkaði, bændum og neytendum til hagsbóta. Að sama skapi myndu framangreindar aðgerðir stuðla að lækkun framleiðslukostnaðar bænda og þar með að lægra verði á matvælum til neytenda.

# Áfrýjunarnefnd 2009

## Sena ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 15/2009

**Efni máls:** Brot á banni við framkvæmd samruna

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2009 um að við samruna Senu ehf. og Skifunnar ehf. hafi áfrýjandi brotið gegn 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og gert að greiða stjórnvaldssekt vegna þessara brota.

## Hagar hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 14/2009

**Efni máls:** Brot á banni við framkvæmd samruna

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 22/2009 þess efnis að við samruna Haga hf. og Þrotabús BT Verslana ehf. hafi áfrýjandi brotið gegn 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og gert að greiða 20 m.kr. í stjórnvaldssekt.

## Valborg ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 13/2009

**Efni máls:** Opinberar samkeppnishömlur

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti þá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að ekki væri tilefni til þess að taka erindi Valborgar ehf. til frekari rannsóknar að svo stöddu. Áfrýjandi hélt því fram að Litla-Hraun byði upp á sambærilega þjónustu og áfrýjandi en á lægra verði en samkeppnisaðilar á almennum markaði og væri samkeppnisstaða þeirra skekkt.

## Hugarflug ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 12/2009

**Efni máls:** Opinberar samkeppnishömlur

Áfrýjunarnefndin staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 21/2009 um að ekki væru forsendur til íhlutunar í máli Hugarflugs ehf. Málið beindist að Strætó bs. og varðaði meinta mismunun Strætó gagnvart einkaaðilum sem gefa út bæklinga með kortum af leiðakerfum almenningssamgangna sem ætlaðir eru ferðamönnum.

## Landsbanki Íslands ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 11/2009

**Efni máls:** Annað

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 17/2009 um að ekki væru forsendur til þess að breyta skilyrðum ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008. Ákvörðun nr. 4/2008 fól í sér sátt Valitors hf., Borgunar hf. og Fjölgreiðslumiðlunar hf. við Samkeppniseftirlitið þar sem viðurkennd voru brot á samkeppnislögum og fallist á stjórnvaldssekt.

## Hf. Eimskipafélag Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 10/2009

**Tegund máls:** Úrskurður

**Atvinnuvegir:** Samgöngur og ferðamál

**Efni máls:** Annað

**Málsaðilar:** Hf. Eimskipafélag Íslands, Samkeppniseftirlitið

Hf. Eimskipafélag Íslands kærði til áfrýjunarnefndar þá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að aflétta ætti trúnaði af upplýsingum í bréfi áfrýjanda, dagsettu 2. febrúar 2009. Áfrýjunarnefndin staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að öðru leyti en því sem sneri að tveimur atriðum sem álitin voru viðskipta- leyndarmál áfrýjanda.

# Áfrýjunarnefnd samkeppnismála 2009 *framhald*

## Vélar og verkfæri gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 9/2009

**Efni máls:** Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Áfrýjunarnefndin staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2009, þess efnis að Vélar og verkfæri ehf. hefðu brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 með misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Áfrýjunarnefndin taldi ástæðu til að lækka stjórnvaldssektina úr 15 m.kr. í 10 m.kr.

## Eðvarð Sigurvin Ólafsson gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 8/2009

**Efni máls:** Annað

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, dagsetta 16. apríl 2009, þess efnis að ekki væru forsendur til að rannsaka erindi Eðvarðs Sigurvins Ólafssonar frekar, enda uppfyllti erindið ekki þær kröfur sem gerðar eru til erinda samkvæmt málsmeðferðarreglum Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005.

## Bændasamtök Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 7/2009 (22. maí 2009)

**Efni máls:** Ólögmaett samráð

Bændasamtök Íslands (BÍ) kærðu ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 9/2009 um að þau hefðu brotið gegn banni samkeppnislaga við verðsamráði. Var brotið talið snúa að búvörum sem ekki lúta opinberri verðlagningu skv. búvörulögum, s.s. kjúklingum, eggjum, grænmeti og svínakjöti. Vegna þessa brots var BÍ gert að greiða 10 m.kr. stjórnvaldssekt og lagt fyrir BÍ að grípa til aðgerða til þess að koma í veg fyrir að samskonar brot verði endurtekin. Í úrskurði áfrýjunarnefndarinnar var staðfest sú niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samkeppnislög hafi tekið til aðgerða Bændasamtakanna. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála taldi hæfilegt að lækka sekt BÍ í 7,5 m.kr. og að fyrir mæli Samkeppniseftirlitsins til BÍ um aðgerðir til að fyrirbyggja samskonar brot væru of almenn og felldi þau úr gildi.

## Bændasamtök Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 7/2009 (4. maí 2009)

**Efni máls:** Ólögmaett samráð

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála féllst ekki á kröfu Bændasamtakanna um að réttaráhrifum ákvörðunar nr. 9/2009 yrði frestað. Bændasamtökin kröfðust þess með vísan til 29. gr. stjórnvaldsreglugerðar nr. 37/1993, að réttaráhrifum ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins yrði frestað á meðan kæran væri til meðferðar hjá áfrýjunarnefndinni. Samkeppniseftirlitið tók ekki afstöðu til kröfunnar.

## ERGN Holdings Ltd. og Euro Refund Group North á Íslandi ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 6/2009

**Efni máls:** Samrunamál

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2009 þess efnis að samningur um kaup Valitors hf. á öllu hlutafé í Euro Refund Group North á Íslandi ehf. fæli í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Ennfremur að samruninn raskaði samkeppni með umtalsverðum hætti og ynni þannig gegn markmiðum samkeppnislaga. Með heimild í 17. gr. c samkeppnislaga ógilti Samkeppniseftirlitið samrunann með ákvörðun sinni.

## Orkuveita Reykjavíkur gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 5/2009

**Efni máls:** Annað

Með úrskurði áfrýjunarnefndarinnar í máli nr. 7/2008 var kveðið á um að Orkuveitu Reykjavíkur væri óheimilt að eiga hlut í Hitaveitu Suðurnesja hf. sem nam 10% eða meira og skyldi Orkuveita Reykjavíkur gera breytingu á eignarhaldi sínu í Hitaveitu Suðurnesja fyrir ákveðinn tíma. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála féllst á kröfur Orkuveitu Reykjavíkur og Hafnarfjarðarbæ um að mál nr. 7/2008 yrði endurupptekið og fresturinn sem fyrirtækið hafði til að minnka eignarhlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja yrði framlengdur, með vísan til heimildar í 2. tl. 1. mgr. 24. gr. stjórnvaldsreglugerðar nr. 37/1993.

## Teymi hf. og IP-fjarskipti ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 3/2009

**Efni máls:** Annað

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála vísaði kærum Teymis hf. og IP-fjarskipta ehf. frá nefndinni á þeim grundvelli að ekki væri um endanlegar stjórnvaldsákvæðanir að ræða samkvæmt 9. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Í bráðabirgðaákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2008 var niðurstaðan sú að fulltrúar Teymis hf. í stjórn IP fjarskipta hf. (Tali) vikju og í stað þeirra yrðu skipaðir tveir óháðir einstaklingar sem tilnefndir yrðu af Samkeppniseftirlitinu. Þá voru tiltekin ákvæði í samningi Tals og Vodafone um aðgang Tals að farsímaneti Vodafone lýst ógild.

## Hagar hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 2/2009

**Efni máls:** Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 64/2008 þess efnis að Hagar hf. hefðu brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, með því að misnota markaðsráðandi stöðu sína með aðgerðum sem beindust að keppinautum fyrirtækisins á matvörumarkaði. Samkeppniseftirlitið lagði 315 m.kr. stjórnvaldssekt á Haga vegna umræddra brota. Áfrýjunarnefndin taldi að rannsókn málsins hefði verið eðlileg og féllst á að Hagar hefðu verið í markaðsráðandi stöðu. Jafnframt tekur áfrýjunarnefndin fram að brot Haga hafi staðið í langan tíma og verið stórfellt.

## Valitor hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 1/2009

**Efni máls:** Undanþágur

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 62/2008 um að Valitor hf. hafi ekki tekist að sýna fram á að erindi Valitors um undanþágu til ákvörðunar og setningar milligjalds á innanlandsmarkaði fyrir kreditkortavíðskipti uppfyllti skilyrði 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 sem sett eru fyrir undanþágu frá bannákvæðum laganna, sbr. 10. og 12. gr. laganna. Í úrskurði nefndarinnar er bent á að útgefendur greiðslukorta séu keppinautar. Í stað þess að hver og einn útgefandi ákveði umrætt milligjald á eigin forsendum hafi þeir falið Valitor að samræma þetta gjald og í þessu felist ólögmaett og samkeppnishamlandi verðsamráð. Áfrýjunarnefnd telur einnig í úrskurði sínum að skilyrði samkeppnislaga fyrir veitingu undanþágu séu ekki uppfyllt og bendir sérstaklega á að með engu móti fáiast séð að Valitor hafi sýnt fram á að hagsmunir neytenda skv. samkeppnislögum séu tryggðir.

# Áfrýjunarnefnd 2008

## 365 hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 12/2008

**Efni máls:** Opinberar samkeppnishömlur

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins þess efnis að ekki væri ástæða til að aðhafast vegna kvörtunar 365 hf. yfir starfsemi Ríkisútvarpsins ohf. Áfrýjandi gerði þá kröfu að eftirlitið rannsakaði annars vegar hvort fjármögnun ríkisins til félagsins fæli í sér ólögmaetta ríkis-aðstoð sem bryti gegn EES-samningnum, og hins vegar hvort samkeppnisstöðu keppinauta Ríkisútvarpsins ohf. væri þannig háttáð að það gengi gegn ákvæðum samkeppnislaga.



# Áfrýjunarnefnd samkeppnismála 2008 *framhald*

## Baugur Group hf. og Jötunn Holding ehf., Fjárfestingafélagið Primus ehf., FL Group hf. (nú Stoðir hf.), Materia Invest ehf., Saxhóll ehf. og BYGG ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 11/2008

**Tegund máls:** Úrskurður

**Atvinnuvegir:** Fjármálaþjónusta

**Efni máls:** Brot á tilkynningarskyldu

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála felldi úr gildi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, dagsetta 26. maí 2008, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að Baugur Group hf. og Jötunn Holding ehf., Fjárfestingafélagið Primus ehf., FL Group hf., Materia Invest ehf. og Saxhóll og BYGG ehf. færu með, ásamt Imon ehf. og Sund ehf., sameiginleg yfirráð yfir Glitni banka hf. og Byr sparisjóði og að þeim bæri að tilkynna samrunann í samræmi við ákvæði 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

## Sundagarðar ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 10/2008

**Efni máls:** Annað

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála samþykkti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 32/2008 þess efnis að Sundagarðar ehf. hefðu brotið gegn 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, með því að tilkynna eftirlitinu ekki innan tiltekins frests samruna fyrirtækisins við Borgarnes kjötvörur ehf. Var áfrýjanda gert að greiða 750.000 kr. í stjórnvaldssekt.

## Hörður Einarsson gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 9/2008

**Efni máls:** Ólögmaett samráð

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 31/2008 þess efnis að ekki væri ástæða til íhlutunar vegna kvörtunar Harðar Einarssonar varðandi rekstrarsamninga milli tiltekinnna lífeyrissjóða og rekstaraðila þeirra sem og varðandi samþykktir sjóðanna.

## Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 8/2008

**Efni máls:** Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2008 þess efnis að Fiskmarkaður Íslands hf. hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína með því að gera sem skilyrði fyrir kaupum á fiski að önnur þjónusta væri jafnframt keypt. Var áfrýjanda gert að greiða 10 m.kr. í stjórnvaldssekt. Áfrýjunarnefndin lækkaði stjórnvaldssektina í 7 m.kr.

## Orkuveita Reykjavíkur og Hafnarfjarðarbær gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 7/2008

**Efni máls:** Ólögmaett samráð

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2008 að öðru leyti en því er sneri að breyttum tímamörkum. Samkvæmt ákvörðun eftirlitsins var Orkuveitu Reykjavíkur gert óheimilt að eiga hlut í Hitaveitu Suðurnesja hf. sem nemur 10% eða meira.

## Gámaþjónustan hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 5/2008

**Efni máls:** Opinberar samkeppnishömlur

Gámaþjónustan hf. kærði til áfrýjunarnefndar þá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 69/2007 að ekki væru forsendur til íhlutunar vegna kvörtunar fyrirtækisins varðandi rekstur Reykjavíkurborgar á svokölluðum bláum tunnum. Áfrýjunarnefndin vísaði málinu frá þar sem kæra áfrýjanda barst ekki nefndinni innan lögmæts kærufrests.

## 365 miðlar ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 4/2008

**Efni máls:** Brot á fyrri ákvörðun

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála vísaði frá kæru 365 miðla ehf. vegna bráðabirgða-ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2007. Í hinni kærðu ákvörðun komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að áfrýjandi hefði brotið gegn ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/2005 með því að setja sem skilyrði fyrir afhendingu sjónvarpsmerkja sinna að hafa aðgang að viðskiptamannabókhalda Canal Digital á Íslandi ehf.

## Hf. Eimskipafélag Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 3/2008

**Efni máls:** Misnotkun á markaðs-ráðandi stöðu

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 70/2007 þess efnis að Hf. Eimskipafélag Íslands hefði með tilteknum aðgerðum, sem áttu sér stað í flutningastarfsemi fyrirtækisins á árunum 2001 og 2002, misnotað markaðsráðandi stöðu sína. Samkvæmt ákvörðun eftirlitsins var áfrýjanda gert að greiða 310 m.kr. í stjórnvaldssekt. Áfrýjunarnefndin lækkaði sektina í 230 m.kr.

## Eignarhaldsfélagið Sævarhöfði ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 2/2008

**Efni máls:** Brot á tilkynningarskyldu

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 68/2007, þess efnis að Eignarhaldsfélagið Sævarhöfði ehf. hefði brotið gegn 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, með því að sinna ekki tilkynningarskyldu vegna samruna áfrýjanda við Bifreiðar og landbúnaðarvélur hf. Áfrýjunarnefndin felldi niður stjórnvaldssekt að upphæð 1,5 m.kr., sem áfrýjanda var áður ætlað að greiða.

## Innnes ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

**Númer máls:** 1/2008

**Efni máls:** Annað

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála vísaði frá kæru Innnes ehf. gagnvart ákvörðun Samkeppniseftirlitsins þess efnis að ekki yrði greint frá nafni eða nöfnum þeirra aðila sem komið hafa ábendingum á framfæri við Samkeppniseftirlitið um meint brot fyrirtækisins á samkeppnislögum.

# Dómar í héraði 2009 og 2008

30.10.2009

## Valitor gegn Samkeppniseftirlitinu (nr. R-481/2009)

Grunur lék á að Valitor hf. hefði brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 með misnotkun á markaðsráðandi stöðu sinni. Þann 1. júlí 2009 gerði Samkeppniseftirlitið húsleit í starfsstöð félagsins og tók m.a. afrit af gögnum á tölvutæku formi. Við könnun á þeim gögnum kom upp ágreiningur á milli fulltrúa Valitors og Samkeppniseftirlitsins um þýðingu ákvæðinna tölvupósta og fylgigagna þeirra fyrir rannsókn málsins. Valitor krafðist þess að Samkeppniseftirlitið léti af frekari athugun þeirra og myndi eyða afritum þeirra

og fylgigögnum en því var hafnað. Í kjölfarið krafðist Valitor þess að Samkeppniseftirlitinu yrði með úrskurði gert að aflétta haldi á þeim gögnum og að öllum afritum sem tekin hefðu verið af þeim yrði sannanlega eytt. Ekki þótti sýnt fram á að Samkeppniseftirlitið hefði farið út fyrir heimild sína samkvæmt dómsúrskurði til að taka í sína vörslu gögn sem í ljós gæti komið að ekki varði rannsókn hans. Kröfu Valitors var því hafnað.

03.03.2009

## Ker hf., Olíufélag Íslands hf. og Skeljungur hf. gegn Samkeppniseftirlitinu og íslenska ríkinu (nr. 4965/2005)

Í málarekstri vegna samráðs olíufélaganna höfðu Ker hf., Olíufélag Íslands hf. og Skeljungur hf. krafist dómkvaðningar matsmanna. Samkeppniseftirlitið og íslenska ríkið kröfðust þess að því yrði hafnað, enda væri um þarflausa dómkvaðningu að ræða. Væri það m.a. ljóst með hliðsjón af öllum þeim matsgerðum sem þegar lögju fyrir í málinu. Jafnframt bæri að hafna kröfum félaganna með vísan til reglu um hraða málsmeðferð og útilokunarreglu réttarfarsins. Talið var að samkvæmt lögum nr. 91/1991 væru m.a. ekki reistar

skorður við því að beðið væri um mat á atriðum sem áður hefðu verið metin en hefðu ekki endanlega verið leidd til lykta með dómi. Jafnframt væri ekki fyrir það girt að aflað yrði nýrrar matsgerðar til viðbótar eldri matsgerð og bæru aðilar áhættu af notagildi hennar við sönnun. Taldi dómurinn því að heimild skorti til að hafna dómkvaðningu á þeirri forsendu að meginreglan um hraða málsmeðferð og útilokunarreglan hefðu ekki verið virtar.

27.06.2008

## Sund ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu (nr. E-7507/2007)

Samkeppniseftirlitið hóf rannsókn á eigna- og stjórnunartengslum milli Glitnis banka hf., Byrs sparisjóðs og MP fjárfestingarbanka hf. Svo virtist sem Sund ehf. (nú IceCapital ehf.) færi með um helming atkvæða á hluthafafundum í Glitni banka. Taldi Samkeppniseftirlitið því að slík tengsl kynnu að hafa myndast á milli þeirra félaga að það leiddi til þess að samruni í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 hefði átt sér stað. Samkeppniseftirlitið krafði félagið um upplýsingar en taldi það brjóta gegn skyldu sinni samkvæmt 19. gr. til að veita þær. IceCapital veitti svör um að það hefði selt eignarhlut sinn í félagi sem fyrirspurnin varðaði. Félagið hafði ekki orðið við skyldu sinni um að veita frekari svör innan framlengds frests og því var það talið hafa brotið gegn

19. gr. samkeppnislaga. Í stað þess að beita viðurlögum samkvæmt 37. gr. samkeppnislaga þegar í stað ítrekaði Samkeppniseftirlitið kröfu sína og veitti nýjan frest að viðlögðum dagsektum samkvæmt 38. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið sektaði síðar félagið um 1 m.kr. með vísan til 19. og 37. gr. samkeppnislaga þegar frekari svör bárust ekki. Sektarákvörðunin var síðar staðfest með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála. IceCapital stefndi Samkeppniseftirlitinu fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur og krafðist aðallega ógildingar á þeim úrskurði en til vara að stjórnvaldssektin yrði lækkuð verulega. Talið var að brotalýsing í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála hefði verið ófullnægjandi og var því talinn á henni verulegur galli sem varðaði ógildingu úrskurðarins.

# Dómar í Hæstarétti 2009 og 2008

26.11.2009

## Samkeppniseftirlitið gegn Valitor hf. (Haldlagning) nr. 633/2009

Kærður var úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem hafnað var kröfu Valitors um að Samkeppniseftirlitið létti haldi af nánar tilgreindum gögnum og eyddi afritum þeirra. Valitor var talið hafa rökstutt að gögnin, sem krafa félagsins

beindist að, vörðuðu ekki efnisatriði rannsóknarinnar. Samkeppniseftirlitið var ekki talið hafa sýnt fram á annað. Krafa Valitors var því tekin til greina og Samkeppniseftirlitinu gert skylt að eyða öllum afritum þeirra gagna sem krafist var.

04.06.2009

## Samkeppniseftirlitið gegn Flugleiðahótelum ehf. (Húsleit) nr. 268/2009

Samkeppniseftirlitið framkvæmdi húsleit á starfsstöð Flugleiðahótela ehf. þann 20. maí 2009 vegna gruns um brot félagsins ásamt öðrum aðilum á hotelmarkaði á Íslandi gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Í húsleitinni var lagt hald á gögn ásamt því að tölvugögn voru afrituð. Flugleiðahótel kærðu úrskurð héraðsdóms um heimild Samkeppniseftirlitsins til húsleitar og kröfðust m.a. ómerkingar hans. Jafnframt var þess krafist að Samkeppniseftirlitinu yrði gert að skila þeim gögnum sem haldlögð voru og þeim afritum sem kynnu að

hafa verið tekin af gögnum. Samkvæmt 3. mgr. 192. gr. laga nr. 88/2008 yrði úrskurður héraðsdómara ekki kærður til Hæstaréttar ef athöfn, sem kveðið er á um í úrskurðinum, hafi þegar farið fram eða ástand, sem leitt hefur af ákvæðum hans, er þegar um garð gengið. Brast því heimild til að kæra úrskurðinn. Var málinu því vísað frá þar sem húsleit Samkeppniseftirlitsins var lokið og haldlögðum gögnum hafði þegar verið skilað.

14.05.2009

## Samkeppniseftirlitið gegn IceCapital ehf. (Stjórnvaldssekt) nr. 479/2008

Kærður var úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála um stjórnvaldssekt var felldur úr gildi. Talið var að IceCapital hefði ekki orðið við skyldu sinni til að veita upplýsingar eftir að Samkeppniseftirlitið hafði fallist á að framlengja frest þess efnis og braut félagið þar með gegn 19. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið var talið eiga mat um það hverju sinni hvort það brygðist við broti gegn 19. gr. laganna með ákvörðun samkvæmt 37. gr. eða álagningu dagsekta samkvæmt 38. gr. laganna. IceCapital hafði verið

gefið tækifæri til að komast hjá stjórnvaldssekt með því að verða við skyldu sinni að viðlögðum dagsektum. Þannig hafði Samkeppniseftirlitið beitt vægari úrræðum til að ná því markmiði sem að var stefnt, sbr. 12. gr. stjórnvaldsreglu nr. 37/1993. Þar sem IceCapital hafi veitt viðeigandi svör, innan þess frests sem síðast hafi verið gefinn, var talið ósamrýmanlegt að Samkeppniseftirlitið tæki að auki ákvörðun um að leggja á það stjórnvaldssekt. Var úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála því ógiltur.

27.03.2009

## Samkeppniseftirlitið og íslenska ríkið gegn Keri hf., Olíufélagi Íslands hf. og Skeljungu hf. (Dómkvaðning matsmanna) nr. 138/2009

Í málarekstri vegna samráðs olíufélaganna gerðu Ker hf., Olíufélag Íslands hf. og Skeljungur hf. kröfu um dómkvaðningu matsmanna. Samkeppniseftirlitið og íslenska ríkið kröfðust þess að þeim kröfum yrði hafnað, m.a. með hliðsjón af reglum um hraða málsmeðferð og

útilokunarreglu réttarfarsins. Ekki þótti tilefni til að taka kröfur Samkeppniseftirlitsins og íslenska ríkisins til greina og var því staðfestur úrskurður héraðsdóms um dómkvaðningu matsmanna.

02.10.2008

## IGS gegn Samkeppniseftirlitinu (11. gr./Sektir) nr. 640/2007

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 9/2006 var Flugþjónustan á Keflavíkurflugvelli (IGS), dótturfélag FL Group (nú Icelandair Group), talin hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína við afgreiðslu farþegaflugvéla. Fyrirtækið braut gegn 11. gr. samkeppnislaga með gerð einkakaupasamninga

við flugfélög sem lenda á Keflavíkurflugvelli og samkeppnishamlandi tilboðs fyrirtækisins til flugfélagsins LTU. Fyrirtækinu var gert að greiða 80 m.kr. stjórnvaldssekt og var sú ákvörðun staðfest af áfrýjunarnefnd samkeppnismála, en upphæð sektarinnar lækkuð. IGS höfðaði mál og krafðist



# Dómar í Hæstarétti 2009 og 2008 *framhald*

Þess að úrskurður áfrýjunarnefndar yrði felldur úr gildi eða stjórnvaldssektin felld niður eða lækkuð verulega. IGS var talið hafa brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga með gerð umræddra einkakaupasamninga og var höfð sérstök hliðsjón af löngum binditíma þeirra. Við mat á því hvort samningar IGS við LTU hefðu brotið gegn fyrrnefndu ákvæði samkeppnislaga var litið til yfirburðastöðu IGS á umræddum markaði ásamt því að

öðrum viðskiptavinum IGS buðust almennt ekki hliðstæð kjör. Í ljósi aðstæðna á markaðnum og sértækri verðlækkun IGS var félagið talið hafa brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga óháð því hvort félagið hefði haft hagnað af samningnum eða ekki. Þar sem skýrar viðmiðanir hefðu ekki mótast um mat á slíkum sértækum aðgerðum og endurskoðunar IGS á gildistíma þjónustusamninga sinna var hæfileg sekt IGS ákveðin 40 m.kr.

02.10.2008

## Árdegi gegn Samkeppniseftirlitinu (11. gr./Sektir) nr. 550/2007

Árdegi hf. gerði tvo samninga við Hagkaup um sölu á tónlistargeisladiskum, kvikmyndum og tölvuleikjum. Þar var m.a. kveðið á um að hillupláss og vöruúrval Árdegis í verslunum Hagkaupa skyldi vera í samræmi við markaðshlutdeild félagsins og stighækkandi afslætti Hagkaupa að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Með þeim samningum var Árdegi talið hafa brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga og eldri ákvörðun samkeppnisráðs nr. 19/2004. Samkeppniseftirlitið gerði félaginu að greiða 65 milljónir króna í stjórnvaldssekt og staðfesti áfrýjunarnefnd samkeppnismála þá niðurstöðu. Fyrir dómi krafðist félagið ógildingar úrskurðar áfrýjunarnefndar og til vara að sektin yrði lækkuð. Talið var líklegt að ákvæði samninganna myndu hindra virka samkeppni og afsláttarkerfið væri ennfremur til þess fallið að útiloka aðra aðila frá

viðskiptum við Hagkaup. Síðari samningurinn var jafnframt talinn fela í sér brot á áðurnefndri ákvörðun. Brotin hefðu verið fullframin við gerð samninganna og skipti því engu máli þótt einstök ákvæði þeirra hefðu ekki komist til framkvæmda. Við ákvörðun sektar á hendur áfrýjanda var höfð hliðsjón af umfangi og alvöru brotanna, auk þess sem þau voru talin hafa staðið yfir lengi. Ekki yrði framhjá því litið að félaginu hefði áður verið gerð sekt vegna sambærilegra brota sem ekki yrðu talin hafa haft áhrif til varnaðar frekari brotum félagsins. Þá var jafnframt talið að sú fjárhæð sem nefnt hefði verið á sínum tíma að Árdegi greiddi og lyki þar með málinu hefði ekki verið bindandi fyrir samkeppnisyrðvöld. Var Samkeppniseftirlitið því sýknað af kröfum félagsins.

30.04.2008

## Samkeppniseftirlitið gegn Sálfræðingafélagi Íslands (Samspil við sérlög) nr. 411/2007

Grunur lék á að Valitor hf. hefði brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 með misnotkun á markaðsráðandi stöðu sinni. Þann 1. júlí 2009 gerði Samkeppniseftirlitið húsleit í starfsstöð félagsins og tók m.a. afrit af gögnum á tölvutæku formi. Við könnun á þeim gögnum kom upp ágreiningur á milli fulltrúa Valitors og Samkeppniseftirlitsins um þýðingu ákvæðinna tölvupósta og fylgigagna þeirra fyrir rannsókn málsins. Valitor krafðist þess að Samkeppniseftirlitið lét af frekari athugun þeirra og myndi eyða afritum þeirra

og fylgigögnum en því var hafnað. Í kjölfarið krafðist Valitor þess að Samkeppniseftirlitinu yrði með úrskurði gert að aflétta haldi á þeim gögnum og að öllum afritum, sem tekin hefðu verið af þeim yrði sannanlega eytt. Ekki þótti sýnt fram á að Samkeppniseftirlitið hefði farið út fyrir heimild sína samkvæmt dómsúrskurði til að taka í sína vörslu gögn sem í ljós gæti komið að ekki varði rannsókn hans. Kröfu Valitors var því hafnað.

10.04.2008

## Samkeppniseftirlitið gegn Mjólkursamsölunni (Vanhæfi) nr. 558/2007

Mjólkursamsalan og tengd fyrirtæki höfðu óskað eftir flýtimeðferð vegna fyrirhugaðrar málshöfðunar. Krefjast átti viðurkenningar á að forstjóra Samkeppniseftirlitsins og öðrum starfsmönnum stofnunarinnar yrði gert skylt að víkja sæti við meðferð stjórnslumáls sem hófst með húsleit Samkeppniseftirlitsins hjá aðilum þann 5. júní 2007. Því var haldið fram að vegna ummæla og óviðeigandi framkomu hefði forstjóri Samkeppniseftirlitsins orðið vanhæfur til meðferðar málsins og aðrir starfsmenn stofnunarinnar þar með á grundvelli undirmannavanhæfis. Samkeppniseftirlitið hafði hafnað kröfu aðila um að forstjórinn viki sæti. Af gögnum málsins var talið mega ráða að aðilar væru sammála um að sú ákvörðun væri ekki stjórnvaldsákvörðun. Sá skilningur

væri jafnframt í samræmi við sjónarmið íslensks stjórnslu-réttar. Samkvæmt 1. mgr. 123. gr. laga nr. 91/1991 er það skilyrði fyrir flýtimeðferð máls að fyrirhuguð málshöfðun sé vegna ákvörðunar eða athafnar stjórnvalds. Þar sem ákvörðun um hæfi varðar meðferð máls en lýtur ekki að efnislegri úrlausn þess var það skilyrði ekki talið uppfyllt. Samkeppniseftirlitið var jafnframt sýknað af kröfu um að starfsmönnum þess yrði gert að víkja sæti vegna vanhæfis forstjóra. Ummæli forstjóra Samkeppniseftirlitsins voru enda ekki talin höfð til marks um að hann bæri slíkan hug til gagnáfrýjanda að með réttu mætti telja hættu á að ómálefnaleg sjónarmið gætu ráðið gerðum hans.

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ  
Borgartúni 26, 125 Reykjavík  
www.samkeppni.is

Hönnun og umbrot: PORT hönnun  
Ljósmyndir: Jónatan Grétarsson  
Letur: Warnock Pro  
Prentun: Oddi